Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók Leikfélags Reykjavíkur 1897-1930

## Aðfnr. 1598, 1. hluti:

Gjörðabók fyrir Leifélag Reykjavíkur 1897-1904

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

Leikfélags Reykjavíkur

1897
:
1930

.077.5 - 061.2

Aðfnr. 1598

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
1598

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leikfélag
Reykjavíkur.

# Gjörðabók

fyrir

# Leikfjelag Reykjavíkur

Byrjuð 11 jan. 1897, enduð 5. júlí 1904

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 11 jan. 1897, kl. 8½ var fundur boðaður og haldinn í húsi „Iðnaðarmannafjelagsins“ í Reykjavík, til þess að koma á stofn leikfjelagi undir nafninu:

Leikfjelag Reykjavíkur

Á fundinum voru þessir mættir:

×Magnús Benjamínsson
×Einar Pálsson
×Matthías Matthíasson
Þorvarður Þorvarðarson
×Andrjes Bjarnason
×Ólafur Ólafsson
×Árni Eiríksson
×Sigurður Magnússon
×Borgþór Jósefsson
×Friðfinnur Guðjónsson
×Brynjólfur Þorláksson
×Hjálmar Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Þóra Sigurðardóttir
× Sigríður Jónsdóttir
× Stefanía Guðmundsdóttir
× Gunnþórunn Halldórsdóttir
Fundarstjóri var kosinn Þorvarður Þorvarðarson og skrifari Árni Eiríksson.—
Fundarstjóri las upp "frumvarp til laga" fyrir hið tilvonandi leikfjelag, er þar til kosin nefnd hafði fjallað um, og sem hljóðaði þannig:

Lög
fyrir Leikfjelag Reykjavíkur

1. gr.
Fjelagið heitir „Leikfjelag Reykjavíkur"

2. gr.
Tilgangur fjelagsins er að halda uppi sjónleikjum og koma þeim í sem best horf

3. gr.
Fjelagsmenn geta bæði verið starfandi og starflausir. Starflausir fjelagsmenn eru þeir,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem ekki ætla sjer ad leika eda taka verk-
lega þátt í leikjum, en vilja þó gjörast fje-
lagsmenn. Þeir verda fjelagsmenn, ef þeir
eru samþykktir med 2/3 atkvæda; ef þeir síd-
ar óska ad verda starfandi fjelagsmenn, verdur
ad samþykkja þá á ný, eins og starfandi fje-
lagsmenn eru samþykktir

Sem starfandi medlimi tekur fjelagid
helst þá, sem vid leiki hafa fengist, eda
hafa sýnt sig nokkurnveginn færa í
þeirri mennt og þarf 3/4 hluta atkv.
þeirra sem á fundi eru, til ad slíkur
fjelagsmadur sje samþykktur. –

Þeir, sem vilja ganga inn í „Leikfjelagid"
til þess ad leika, eda taka verklegan þátt í
leikjunum, hvort heldur fyrir borgun, eda borg-
unarlaust; eru starfandi medlimir.

4. gr.

Allir fjelagsmenn greida 2 – tvær – krónur
í árstillag, sem greidist fyrir lok októ-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bermánaðar ár hvert. Allir fjelagsmenn hafa jafnan viðveru- og atkvæðisrjett á fundum, og til að kjósa starfsmenn fjelagsins.- Allir fjelagsmenn hafa rjett til að vera við „aðalæfingu“ (Generalprøve) og Premieru“, og starfandi meðlimir hafa þess utan rjett til eins fríbílætis hver, handa sjálfum sjer, þegar leikið er undir forstöðu fjelagsins.-

5. gr.

Aðalfund fjelagsins skal halda í fyrstu viku maímánaðar ár hvert, og skal þá kjósa þrjá menn í stjórn þess, og aðra þrjá í vara stjórn: Forseta, skrifara og gjaldkyra. Ennfremur skal á sama fundi kjósa tvo menn til að endurskoða reikninga fjelagsins. Lögmætur er fundur, ef 7 mæta.

6. gr.

Forseti kallar saman fundi; er honum þykir viðþurfa, eða eptir áskorun 1/4 þeirra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjelagsmanna, er í bænum eru. Skrifari heldur gjörðabók fjelagsins, en gjaldkyri sjer um fjárheimtur allar og leggur fram endurskoðaðan reikning, fyrir hvern aðalfund.–

7. gr.

Á tímabilinu frá 1 október til 31 marz ár hvert, heldur fjelagið samkomur tisvar í mánuði; á þessum samkomum, eru æfingar á atriðum úr leikjum, söngæfingar og upplestursæfingar aðalatriðið. Að öðru leyti skal samkomum þessum hagað eptir því, sem fjelagið síðar ákveður.–

8. gr.

Með samþykki fjelagsins ár hvert, útvegar stjórnin einn mann, til að standa fyrir leikjunum, og er fjelagið í heild sinni skyldugt, að aðstoða hann, með útvegun á leikritum, leikendum, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á annan hátt eptir megni.–

9. gr.

Enginn fjelagsmadur má leika fyrir peninga, utan fjelags, eda adstoda vid adra leiki en þá, er fjelagid sjálft tekur þátt í, eda hefir komid á fót; þó verdur þad eigi bannad, ef stofnad er til leikja í góðgjördaskyni, svo er og hverjum fjelagsmanni heimilt, að taka þátt í leikjum, þar sem adgangur ekki er seldur.– Þó má þad ekki vera til fyrirstödu því, ad hann leiki fyrir fjelagid, svo sem hann kann ad hafa undirgengist.–

10. gr.

Starflaus fjelagsmadur, getur sagt sig úr „Leikfjelaginu" þegar hann vill, og skal ~~hann~~ stjórnin samþykkja úrsögnina, ef hann er skuldlaus vid fjelagid.– Til þess, ad fjelagsstjórnin geti samþykkt ad starfandi fjelagsmadur megi ganga úr fjelaginu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verdur hann ad vera skuldlaus, og allir þeir leikir búnir á þeim vetri, sem hann fjekk í, eda þá ad eins svo lítid eptir, ad stjórnin geti útvegad ~~þeim~~ nýjan mann í stad fjelagsmannsins þann tíma, sem eptir er. Frá þeim tíma, ad sídustu leikir eru alveg afstadnir, og þangad til, ad byrjad er ad skipa í rollur hinna næstu leikju skal fjelagsstjórnin ávallt taka úrsögnina gilda, ef hinn starfandi fjelagsmadur er skuldlaus. —

11 gr.

Leikfjelagid semur reglugjörd, sem gildir fyrir leikendur, etc., á æfingum, og sömuleidis reglugjörd, sem gildir þegar leikid er. —

12. gr.

Fjelagid skal eiga sjálft, og geyma öll þau leikrita-handrit, sem þad hefir leikid. Og er stjórn fjelagsins eda einstökum fjelags-mönnum

ekki heimilt að lána það út, en með samþykki fjelagsstjórnarinnar, má hjálpa um afrit af þeim. Glatist leikrit, nótur, eða annað þesskonar, og fjelagsmenn vita hver er sök í því, skal sá sem valdur var að skaðanum, borga skaðabætur, eptir mati tveggja kjörinna fjelagsmanna.—

Skrifari fjelagsins, geymir leikrit þess, nótur og bækur.—

13. gr.

Árstillögum fjelagsins, skal verja til leikritakaupa, eða á annan hátt til að fullnægja tilgangi fjelagsins.—

Um frumvarpið urðu miklar umræður, og síðan borið undir atkvæði lið fyrir lið.—

Fyrirsögnin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

1. gr. samþ. í einu hlj.
2. " " " " "
3. " " " " "
4. " samþ. með öllum greiddum atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. gr. samþ. með öllum greiddum atkv.
6. " " " " " "
7. 8. " " " " " "
9. " " " þessum við auka:
En þó skal leikstjóri og stjórn skyld til að bera undir fund, allar þær gjörðir, er þeim hefir komið saman um, og nokkurn verulegan kostnað hafa í för með sjer, áður en þær koma til framkvæmda.—
10. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
11 " " " " " "
12. " " " " " "
Í stað 13. greinar kom breytingartillaga frá Hjálmari Sigurðssyni, svohlj.: Öll störf fjelagsins ~~eru~~ eru gjörð fyrir reikning fjelagsins, og allar tekjur renna í sjóð þess. — Allir starfandi fjelagar eru skyldir að ábyrgjast skaða þann, sem fjelagið kann að verða fyrir, allir fyrir einn og einn fyrir alla. Samþ. með 6 atkv. gegn 4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. gr. verði 14. gr. samhlj. í einu hlj.
15. gr. (ný): Engu má breyta í lögum þessum, nje við þau auka, nema með samhlj. 3/4 hlutum fjelagsmanna sem á fundi eru. Enda sjeu 2/3 fjelagsmanna á fundi.—

Þá var gengið til atkvæða skriflega um kosningu á starfsmönnum fjelagsins, og hlaut kosningu sem formaður Þorvarður Þorvarðarson með 9 atkv.; skrifari Friðfinnur Guðjónsson og gjaldkeri Borgþór Jósefsson. Og til vara: formaður Kristján Þorgrímsson, skrifari Árni Eiríksson eptir hlutkesti milli hans og Brynjólfs Þorlákssonar er fengu jöfn atkvæði og gjaldkeri Matthías Matthíasson; og var þá „Leikfjelag Reykjavíkur" stofnað, með áðurtöldum fundarmönnum, og enn fremur

Kristjáni Þorgrímssyni
Jónasi Jónssyni og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Steinunni Runólfsdóttir
sem því teljast stofnendur þessa fjelags.
Fleira var eigi gjört á fundinum
fundi slitið

Þorvarður Þorvarðarson.    Friðfinnur Guðjónsson
pr. t. formaður.    skrifari

Ár 1897, sunnudaginn 14. febr. var eptir
áðurgengnu fundarboði, settur og haldinn
fundur í „Leikfjelagi Reykjavíkur“ í húsi
Iðnaðarmannafjelagsins.—
Fundarbók frá stofnfundinum upplesin
og samþykkt.
Á fundi mættu 14 fjelagsmenn.
Um upptöku í fjelagið báðu:
Gísli Jónsson verzlunarmaður
Páll Jónsson ljósmyndari
Sigurður Þórólfsson búfræðingur og
Anna Ásmundsdóttir ungfrú.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sökum þess að fáir voru mættir á fund-
inum var atkvæðagreiðslu frestað. Og tók
fundurinn þá ákvörðun, að allar upptöku-
beiðnir í fjelagið skyldu sendar formanni
fjelagsins, og hann síðan rita nöfn
innsækjenda á fundarboðið – þetta samþ.
í einu hljóði. –

Þá var talað um hvenær fjelagið ætti að
taka til starfa. Um þetta töluðu þeir
Kristján Þorgrímsson og fleiri. Vilji þeirra
var að fjelagið ætti sem fyrst að fara að
útvega leikrit til að sýna. og hafa til
hvenær sem tækifæri gæfist. Í tilefni af
þessu kom fram svohljóðandi tillaga:

„Fjelagið samþykkir að stjórnin skuli nú
þegar velja 4-5 stykki og leggja þau fyr-
ir fund til samþykktar. –

Kristján Þorgrímsson

Studd: Árni Eiríksson

Tillagan samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hið þriðja fundarefni var, að gjöra ráðstafanir viðvíkjandi „Kulissusjóðnum", og urðu nokkrar umræður um það. Frestað var að gjöra nokkra ákvörðun til síðar.

Þá stakk Kristján Þorgrímsson uppá því að láta prenta lög fjelagsins, og bauðst hann til að sjá um það, og líða um borgun til næsta hausts, en fundarmenn álitu rjettara að fresta prentuninni þangað til eptir aðalfund ef ske kynni, að þá yrðu á þeim breyting gjörð, og þá einnig að láta prenta reglur fyrir æfingar, sem semja ætti.

Fleira var eigi gjört á fundinum.

Fundi slitið.

Þorvarður Þorvarðsson
p.t. formaður

Friðfinnur Guðjónsson
skrifari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897, Mánudaginn 22. febr. var fundur settur og haldinn í „Leikfjelagi Reykjavíkur“ Fundinn setti vara-formaður Kristján Þorgrímsson.

Var fyrst tekið til umræðu inntökubeiðnir frá Gísla Jónssyni Páli Jónssyni og Önnu Ásmundsdóttir. Um þessa innsækjendur urðu nokkrar umræður, er enduðu svo að formaður fjelagsins tók aptur inntökubeiðni Gísla Jónssonar og Önnu Ásmundsdóttir, en samþykktur var til inntöku í fjelagið Pál Jónsson

Eptir uppástungu sem kom fram var kosin 3ja manna nefnd til að skoða og velja nokkur leikrit er fjelaginu stóðu til boða að kaupa, í hana kosnir:

Kristján Þorgrímsson
Sigurður Magnússon og
Árni Eiríksson

Kristján Þorgrímsson skýrði frá, að hann hefði átt tal við Halldór Jónsson, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði hann gefið kost á sjer til að útbýta
rullum meðal leikenda, voru fundarmenn
mjög meðmæltir honum til þessa starfa
og var samþykkt í einu hljóði.

Þá kom fram tillaga um að kjósa 3ja
manna nefnd til að semja reglugjörð sem
gildi á æfingum og einnig þegar leikið
er, í hana kosnir

Kristján Þorgrímsson
Sigurður Magnússon og
Stefanía Guðmundsdóttir. –

Stjórninni var falið að útvega mann til
að vera við æfingar (Scene-instruktör). –

Borinn upp til inntöku í fjelagið
Sigfús Sveinbjarnarson

Fleira var eigi gjört á fundinum.

Fundi slitið.

Þorvarður Þorvarðarson, p.t. formaður. Friðfinnur Guðjónsson skrifari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897, sunnudaginn 14. marz, var haldinn fundur í „Leikfjelagi Reykjavíkur“. Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþykkt.

Var fyrst gengið til atkvæða um Sigfús Sveinbjarnarson, er beiðst hafði upptöku í fjelagið, upptakan felld.

Þá afhenti nefnd sú er skipuð hafði verið á síðasta fundi, ritara, leikrit þau, er hún hafði keypt fyrir fjelagsins hönd, verð leikritanna, að upphæð 20 kr. 60 a., borgist fyrir 1. maí þ. á. – var ritara falið að láta binda allt það er óbundið var af leikritum þessum.

Sömuleiðis var samþykkt að panta skyldi stimpil með nafni fjelagsins.

Einnig var ritara falið að útvega bók til að innfæra í útlán á bókum fjelagsins.

Þá lagði nefndin sem kosin var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að semja reglur fyrir æfingar o. fl.
fram frumvarp er hún hafði samið
um þetta. Um reglur þessar urðu all-
miklar umræður. Var samþykkt, að
fresta atkvæðagreiðslu um þær til næsta
fundar, og skyldu þær á meðan ganga
milli fjelagsmanna, til athugunar.
Samþykkt var að fresta atkvæðagr. um hvort
leika skyldi stykkið „Mellem Slagene", en
óskað eptir að fjel. menn kynntu sjer það
vel.
Samþykkt tillaga um að „Fastelavns-
gildet" sje þýtt hið fyrsta, og leikið. –
Talað um að útvega þýðing af „En
Spurv i Tranedans". –
Tillaga um að kaupa þýðinguna af
„Strokufanginum" og tvö önnur stykki
á dönsku, felld.
Stjórn fjelagsins falið að finna
ráð til að afla fjelaginu peninga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til nauðsynlegustu útgjalda sinna.
Þá var mikið rætt um hvern fjelagið skyldi
fá til að vera við æfingar (elementinstruktör)
og var stungið uppá Þorl. Bjarnasyni,
Þorsteini Gíslasyni, Birni Jónssyni og
Indriða Einarssyni.
Var gengið til atkvæða um, hvern af
þessum mönnum skyldi biðja að taka
þenna starfa að sjer, og hlaut Þorst.
Gíslason kosninguna með 9 atkv.

Fleira var eigi gjört
Fundi slitið

Þorvarður Þorvarðarson.
p. t. formaður.

Guðfinnur Guðjónsson

Ár 1897, föstudaginn 9. apríl var fundur haldinn í „Leikfjelagi Reykjavíkur". –
Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþykkt.

Var fyrst gengið til atkvæða um innsækjandann David Heilmann, voru atkvæði greidd með kúlum, og inntaka hans samþykkt með 12 : 4. –

Formaður fjelagsins las síðan upp „Reglur sem gilda við æfingar og eins þegar leikið er", með þeim viðbóti og breytingum, er stjórninni og fleirum hafði komið saman um að gjöra. –

Voru fyrst nokkrar almennar athugasemdir gjörðar við þær og síðan rædd og samþykkt hver grein út af fyrir sig. –

I. Kafli:

1. gr. samþ. í einu hljóði
2. – – – –
3. – – – –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. gr. samþ. með 9 : 4
5. – felld – 7 : 3
6. – samþ. í einu hljóði
7. – – – –
8. – – – –
9. – – – –
10. – – – –
11. – – – –
12. – – – –
13. – – – –
14. – – – –
15. – – – –

Reglurnar allar í heild sinni samþ. í einu hljóði

Með því að fleira lá eigi fyrir fundinum var

fundi slitið

Þorvarður Þorvarðarson
p. t. form.

Viðfinnur (?) Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897, föstudaginn 21. maí var fundur
haldinn í „Leikfjelagi Reykjavíkur“. —
Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og
samþykkt
Samkvæmt fundarboðinu, var fyrst tekið
til umræðu: fyrirkomulag með borgun til
leikenda, leikstjóra, regisörs og annara
starfsmanna við leikina. —
Lagði formaður fram tillögur í 6 grein-
um um þetta efni, og skýrði þær einnig
með nokkrum orðum. —
Þeir af fundarmönnum er ljetu skoðun
sína í ljósi á tillögum þessum, voru
þeim að mörgu leyti samþykkir. —
Þó urðu talsverðar umræður um fyrirkomu-
lag og upphæð borgunar til leikstjóra, og
einnig vildu fundarmenn ákveða vissa
tölu þeirra leikenda, er sýnd yrði sú viður-
kenning er 6. atr. tillaganna nefnir. —
Tillögurnar, með þeim breytingum sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundurinn gjörði á þeim hljóða svo:

# Tillögur

Um borgun til leikenda fyrir að leika og annara starfsmanna við leikina

— „ —

1. Þegar leikið er eitt leikrit á kvöldi, skal borga hverjum leikanda sem í því leikur Kr. 2⁰⁰ fyrir hvert kvöld sem leikið er. —
2. Þegar tvö leikrit eru leikin á kvöldi skal borga hverjum leikanda er leikur Kr. 3⁰⁰ fyrir að leika í hvoru um sig. — Leiki sami leikandi í báðum skal borga honum 6 krónur fyrir kvöldið nema svo skipist að samið sje um minna kaup fyrirfram. —
3. Fyrir eintal (Monolog), skal borga eptir því er stjórnin í samráði við leikstjóra og instruktör semur um í hvert skipti. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Borgun til statista og annara hjálparmanna, fer eptir því, er stjórnin í samráði við leikstjóra, semur um í hvert skipti. —

5. Leikstjóra skulu borgaðar 5 krónur fyrir hvert kvöld sem leikið er. — Regisör skulu borgaðar 2 krónur og 50 a. fyrir hvert kvöld sem leikið er. —

6. Stjórnin má í samráði við leikstjóra og „instruktör", ef efnahagur fjelagsins leyfir, ákveða, að borgun sje einhver aukaþóknun eður á einhvern hátt sýnd viðurkenning þeim, er sjerstaklega hafa sýnt sig þess maklega, en þó ekki fleiri en 5, og skal þá einkum tekið til greina:

1. Að leikandi eða leikendur ef fleiri eru hafi haft öðrum fremur erfiðar „rollur" að jafnaði

2. Að leikandi eða leikendur ef fleiri eru hafi sjerstaklega leikið vel og gjört

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með því leikina aðgengilegri og þannig öðrum fremur stuðlað að góðri aðsókn, og góðum viðgangi fje-lagsins. —

\+ +

Tillögurnar þannig hljóðandi voru síðan bornar upp til atkvæða, fyrst hver liður út af fyrir sig, og síðan í heild sinni, og samþykktar í einu hljóði. —

Fleira var eigi til að gjöra á fundinum. Ákveðið að hafa aðalfund næsta föstudag 28. maí — meðlimir áminntir um að mæta precist. —

Fundi slitið

Þorvarður Þorvarðsson
p. t. form.

Guðjónsson

Ár 1897, laugardaginn 29. maí var fundur haldinn í „Leikfjelagi Reykjavíkur“. —

Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþykkt. —

Formaður skýrði frá að aðalefni fundarins væri að kjósa stjórn fyrir hið komandi tímabil, og aðra starfsmenn fjelagsins.

Kosningin fór fram skriflega, og hlutu kosningu þessir:

Formaður: Þorvarður Þorvarðsson með 12 atkv.
Skrifari Friðfinnur Guðjónsson með 12 do
Gjaldkeri Borgþór Jósefsson með 13. do

Í varastjórn voru kosnir:

Formaður ~~Kristján Þorgrímsson~~ Árni Eiríksson 8 atkv.
Skrifari Sigurður Magnússon 8 do
Gjaldkeri Matthías Matthíasson 10 do

Ennfremur voru kosnir endurskoðunarmenn:

Brynjólfur Þorláksson og
Jónas Jónsson

Þá var stungið uppá Kristjáni Þorgrímssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem leikstjóri, og var það samþ. með öllum atkv.

Kristján Þorgrímsson gat þess að sjer sýndist rjettast að fjelagið kysi nú þegar einn mann til að vera „regisör". Borgþór Jósefsson andmælti því, og sagði sjer sýndist engin þörf að kjósa hann strax, þessi starfsmaður yrði sjálfsagt einn af fjelagsmönnum, og væri því nógur tími til að kjósa hann seinna. Fjellst fundurinn á þetta. —

Þá kom fram breytingartillaga við annan tölulið tillögunnar um borgun til leikenda að í staðinn fyrir: „skal borga hverjum leikanda er leikur 3 krónur fyrir að leika í hvert um sig." komi: „skal borga hverjum leikanda er leikur 4 krónur, o. s. frv." — þessi breytingartillaga var samþykkt í einu hljóði. —

Formaður gat þess, ~~hvort væri~~ að þar eð þetta væri aðalfundur þá fyndist sjer ekkert á móti því að lesin væru upp lög og reglur fjelagsins ef ske kynni að menn hefðu eitthvað við það að athuga. Las hann það síðan hvert-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N/

hveggja upp.–

Ólafur Ólafsson gat þess að sjer hefði dottið í hug að gjöra tillögu um viðbætir við lögin, viðvíkjandi því, ef fjelagið leystist upp. En sagði sjer fyndist það of snemmt, og á annan stað treysti hann því að það yrði ekki, ef allt gengi líkt og áður hefði viðgengist með leikfjelög.–

Því næst bauð hann til að lána fjelaginu 100 kr. ef það þyrfti á að halda til einhvers nauðsynlegra útgjalda nú þegar, þótti fjelagsmönnum þetta sóma-samlega boðið, og lýsa áhuga og velvild til fjelagsins, og var því fagnað með lófaklappi, þakkaði formaður fyrir fjelagsins hönd.–

Árni Eiríksson gjörði þá fyrirspurn, hvort þeim leik fjelagsmönnum er væru Good-Templar, ekki væri leyfilegt að styrkja „klúbb“ Good-Templara með því að leika fyrir hann ~~til~~ skemmtunar fyrir fjelagsmenn þó þar væri seldur aðgangur sem, aldrei yrði meiri en 10–20 aura, án þess að kæmi í bága við lög leikfjelagsins. Þessu var svarað þannig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þó að slíkt kæmi fyrir, þá gæti það eigi kallast brot á 8. gr. leikfjelagslaganna. Viðvíkjandi þessu lýsti leikstjóri því yfir, að hann bæri svo gott traust til allra leikfjelagsmanna að þeir hlynntu svo vel og með öllu móti að því að þeir ekki gerðu því viljandi skaða með því að styrkja leiki eða leika annarsstaðar. – Að öðru leyti sagði hann að þetta fjelag ætti ekki og mætti ekki setja sig upp á móti jafn öflugu fjelagi og Good-Templarfjelagið væri. –

Leikstjóri hvatti þess mjög að lög og reglur fjelagsins yrði prentað, því það væri mjög óþægilegt fyrir fjelagsmenn og sjerstaklega fyrir starfsmenn þess, ~~að hafa~~ sem sjá ættu um að lögunum væri fylgt, að hafa ekki lögin ávalt við hendina. Bauðst hann til að sjá um prentunina, og lofaði jafnframt að gefa fjelaginu þriðjung prentunarkostnaðarins, þessu var fagnað með lófaklappi og ritara falið að sjá um að handritið yrði

tilbúið sem fyrst.

Fleira var eigi til að gjöra

Fundi slitið

Þorvarður Þorvarðarson   ~~Friðfinnur Guðjónsson~~

Ár 1897, miðvikudaginn 1. júlí var haldinn
í Leikfjelagi Reykjavíkur
Fundarefni samkvæmt fundarboðinu var:
1. að kjósa 2 menn ~~til að vera við úthlutun~~
~~Kalissa~~ í „kalissuagjörðnefnd"
Skýrði Magnús Benjamínsson þetta nákvæm-
lega fyrir fundinum, og var síðan
gengið til atkvæða og hlutu kosningu
Kristján Þorgrímsson með 8 atkv.
Þorv. Þorvarðarson með 6 atkv.
Var að ræða um og koma sjer saman um ýmislegt
er þannig þyrfti svo sem sminke, hár og
skegg o.fl. – Urðu nokkrar umræður um fyrirkomu-
lag á þessu, engin viss ákvörðun tekin. –
3. Talað um leikritið „Et Eventyr i Rosenborghave"

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðurstaðan varð sú að láta það ganga
milli fjelagsmanna til lesturs.

Fleira var eigi gjört

Fundi slitið

Þorvarður Þorvarðarson. Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1897, sunnudaginn 25. júlí var fundur
haldinn í „Leikfjelagi Reykjavíkur"
Fundarefni, samkvæmt fundarboðinu
var: I

1. Hvort leika skyldi „Et Rejseeventyr"; Var eptir
~~fá~~ nokkrar umræður samþ. með öllum greidd-
um atkvæðum að leika það.—
2. Samþ. að borga „Gildet på Solhaug"
ásamt Musik.—
3. Samþykkt svohljóðandi tillaga frá
H. Sigurðssyni:
„Fundurinn felur stjórninni að komast

N/

„eptir, með hvaða kjörum Leikfjelagið
„geti fengið Iðnaðarmannahúsið til
„afnota til æfinga og sjónleikja, á
„komanda vetri, með ljósi og hita“. —
Var stjórninni falið að framkvæma
þetta fyrir næsta fund.

Fleira lá eigi fyrir fundinum
Fundi slitið.
Þorvarður Þorvarðsson. Sigfinnur Sigþórsson

Ár 1897, laugardaginn 28. aug. var fundur
settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur
af formanni fjelagsins, Þorvarði Þorvarðarsyni.
Á fundinum mættu 12 fjelagsmenn.
Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin
og samþykkt.
Formaður fjelagsins skýrði frá að stjórn leikfjelagsins
hefði ásamt húsnefnd Iðnaðarmannahúss-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N/

hafi tvo fundi til þess að semja um, með hvaða kjörum leikfjelagið geti fengið húsið til afnota á komanda vetri. – Skýrði hann fundinum frá, hvað af húsinu stæði leikfjelaginu til boða, sem er allt húsið niðri að undanskyldu einu herbergi er þegar væri leigt hússtjórnarskólanum. Leiga á húsinu væri 25 kr. fyrir hvert kvöld sem leikið væri 3 kr. fyrir hvert æfingakvöld og að fjelagið skuldbindi sig til að leika minnst 22 kvöld, leiksviðinu fylgdi stofusena og skógarsena og nokkur ómáluð kulissubretti.

Kristján Þorgrímsson, kvaðst sjer ekki sýnast þetta tilboð húsnefndarinnar svo aðgengilegt að leikfjelagið geti aðhyllst það og tók einkum fram að sjer þætti ósanngjarnt að heimta svo háa leigu fyrir æfingarkvöldin, einnig þótti honum leikkvöldin er húsnefndin hafði ákveðið of mörg og var hræddur um að leikfjelagið geti ekki leikið svo mörg kvöld á leik-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tímabilinu og þótti honum ráðlegra að líta
í kringum sig áður en fjelagið gengi að slíkum
skilyrðum. Af því, að fundarmanninum
fannst hann áreittur og sjer sýnd ókurteysi
með því að vera að taka fram í meðan á
ræðu hans stóð lýsti hann því yfir að
hann gengi af fundi, tók hann síðan hatt
sinn og vjek af fundi.—

Hjeldu umræður síðan áfram með og móti
skilyrðum húsnefndarinnar, og voru einkum
þeir Borgþór Jósepsson og Árni Eiríksson, er
þóttu tilboð húsn. óaðgengileg.—

Eptir all langar umræður, sem þó ekki höfðu
komið fundarmönnum að neinni niðurstöðu
kom fram tillaga frá Árna Eiríkssyni, að
fundinum yrði frestað til mánudags 30.
aug. Kl. 9 e. h.— Tillaga þessi var borin undir
atkvæði og samþykkt með öllum greiddum
atkvæðum.—

Andrjes Bjarnason skýrði frá að Páll Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óskaði að hann væri strykaður út ~~af sem f~~ úr líkfjelaginu, og hafði enginn neitt við það að athuga annað en að sjálfsagt þótti að hann greiddi sitt tillag sem áfallið væri. —

Sagði formaður síðan fundinum frestað.

— " —

30. aug. var fundurinn settur aftur af formanni fjelagsins — Mættir 14 fjelagsmenn. —

Formaður lýsti því yfir að húsnefndin mundi ekki ófáanleg til að slaka til að einhverju leyti með leiguskilmálana en vill þó samt fá að vita hvaða tilboð líkfjelagið vildi gjöra eða að hvaða kjörum það mundi ganga

Talaði þá fyrst Kristján Þorgrímsson Minnti hann á að fjelagið væri enn í bernsku, og yrði þar af leiðandi að sæta sem allra vægustum kjörum í öllum greinum, en hvað húsaleiguna 25 kr. fyrir hvert kvöld sem leikið væri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svertir, hafði hann ekkert á móti; vildi
ekki binda fjelagið til að leika meira
en 25 kvöld, og kvað 3 kr. fyrir æfingakvöld
vera allt of mikið.—

Borgþór Jósepsson vildi ganga inn að
leikfjelagið skuldbindi sig í 25 kvöld
með 25 kr. leigu, og 2 kr. fyrir æfingakvöld

Magnús Benjamínsson sagðist vilja, eptir
að hafa heyrt það á svo mörgum leik-
fjelagsmönnum að þeim þætti hús-
nefndin ósýnileg í kröfum sínum
þá vildi hann að stjórn leikfjelagsins
væri falið að semja við húsnefndina
um á ný.—

Andrjes Bjarnason sagðist fyrir sitt
leyti að hallast að lækka kvöldagjald-
inu, og sagðist heldur vilja slaka til og
miðla svo málunum en að leikfjelagið
klofnaði.— En aptur á móti vildi hann
helzt að leikfjelagið legði sjer sjálft

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til kol og Gás. á æfingum. – Vildi hann ekki til taka neinn kvälda gjälda, en álítur að meðlimirnir verði að koma sjer saman um það.

Ólafur Ólafsson kvaðst ekki geta fundið það að húsnæðið væri neitt of hátt í kröfum sínum, hvað leiguna snerti eða tímalengdina. Benti á að húsnæðið ætti húsbónda yfir sjer, sem væri handiðnamannafjelagið, en kvaðst þó ekki vera ófáanlegur til að fara milliveg og aðhylltist að leikfjelagið leggi til kol og olíu á æfingum. –

Sig. Magnússon lýsti því yfir að 5 kvöld væri það mesta sem fjelagið gæti skuldbundið sig til að leiga. Aðhylltist það að fjelagið leggi til kol og Gás, og borgi 50 a. á kvöldi fyrir brúkun á hljóðfæri.

Kristján Þorgrímsson gjörði það að til-

lögu sinni að leikfjelagið fái húsið fyrir 25 kr. 2 kvöld í viku frá 1. oktober til 1. marz. — Þar að auki 3 kvöld í viku til æfinga fyrir 50 a. hvert kvöld og leggi sjálft til ljós og hita. —

Magnús Benjamínsson lýsti því yfir að hann aðhylltist þessa tillögu, og ennfremur að notaðir sjeu sjer stakir lampar á æfingum, sem ekki sjeu brúkaðir til annars.

Ólafur Ólafsson gjörði þá fyrirspurn til leikfjelagsins hvort það vildi taka þetta eina herbergi sem leigt væri áður í húsinu fyrir sömu leigu og nú fengist fyrir það, ef það fengist laust — nefnil. 4 kr. á mánuði. —

Fundarmenn tóku vel í það, og lýstu nokkrir af þeim því yfir að þeir vildu borga part í leigunni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir það var gengið til atkvæða um eptirfarandi tillögur í fjórum liðum:

1. Leikfjelagið leigir húsið tímabilið frá 1. október til 1. marz 2 kvöld í viku fyrir 25 kr. hvert kvöld. Enskuldbindur sig ekki til að leiga meira en 25 kvöld alls.

   Samþ. með öllum greiddum atkv.

2. Leikfjel. leggur sjálft til kol og olíu á æfingarkvöldum og borgar 50 a. fyrir hljóðfæri.

   Samþ. í einu hlj.

3. Leikfjelagið hefir forgöngurjett fyrir öðrum leikfjelögum eptir 1. marz. —

   Samþ. í einu hljóði. —

4. Leikfjelagið hefir húsið 3 kvöld í viku og önnur kvöld ef húsið ekki er lánað.

   Samþ. í einu hljóði. —

Var stjórninni falið í samráði við leikstjórn að gjöra fullnaðarsamning við húsnefndina byggðan á þessum tillögum. —

Formaður skýrði frá að styrkki þann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er nú hefðu gengið á milli fjelagsmanna til lesturs lagði nú fyrir fundinum til samþykktar.—

Var þá samþykkt að leika
„Mester og Lærling" og
„Et Eventyr i Rosenborghave"

Einnig skýrði form. frá að „Et Rejseeventyr" væri nú þýtt og þegar búið að skrifa út rollur úr því, og gæti fjelagið því innan skamms farið að æfa það.—

Samþ. að fresta að skipa niður rollum úr „Fastelavnsgildet"

Fleira var eigi gjört á fundi þessum
Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson. Guðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N/

Ár 1897, sunnudaginn 24. október, var fundur haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur, 14 meðlimir voru mættir. –

Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþykkt.

Þá var fyrst borið undir atkvæði hvort leika skyldi „Aprilsnarrene", og var það samþykkt með 7 atkv. gegn 2. –

Þá var tekið til umræðu „Fastelavnsgildet" var frestað að gera út um það til næsta fundar. –

Þá var talað um hvað selja skyldi aðgöngumiða að sjónleikjunum, og samþykkti fundurinn að ~~hafa~~ haga því þannig:

| | |
|---|---|
| Beztu sæti – – | Kr. 1-25 |
| ~~Almennsæti~~ | „ 1-00 |
| 2 ymstu og 2 ystubekki | „ 0-75 |
| Barnasæti | 0-50 |
| Standandi | 0-65 |

Fundurinn ákvað að beztu bekkir skyldu vera 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórninni falið að fá mann til að selja aðgöngumiða.–

Leikstjóri bar fram tillögu um að Indriða Einarssyni sjeu borgaðar 5 kr. fyrir hvert kvöld sem leikið er.

Að síðustu fól fundurinn stjórninni að finna stykki, sem leika mætti með „Ferðaæfintýrinu“, og sjá um að hægt yrði að byrja leiki um næstu helgi.–

Fleira var eigi gjört

Fundi slitið.–

Þorv. Þorvarðarson. Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1897, fimmtudaginn 11 nóv. var fundur haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.–

Formaður skýrði frá að tilefni þessa fundar væri að einn leikandi Gunnþórunn Halldórsdóttir hefði neitað að leika rulluna „Constance“ í „Aprilsnarrene“, ennfremur hafði hún skilað aptur þeim rullum er hún þegar var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

búin að taka við og æfa. —
Þessi leikandi var mættur á fundinum og tjáði hún sig helst vilja vera laus við fjelagið, var henni þá af einum fundarmanni bent á, að hún yrði að hlýða lögum fjelagsins, og sæta sektum fyrir brot. —
En jafnframt óskaði fundurinn að samkomulag milli þessa leikanda og fjelagsins gæti komist á.

Eptir að búið var lengi að leyta samkomu- fram og aptur við leikandann, voru svohljóðandi skilyrði samþykkt:

1. Að „Aprilnarrene“ og „Æfintýrið“ sje ekki leikið sama kvöldið, eða að minnsta kosti ekki byrjað með þeim saman. —
2. Að rulluskipunin frá Halldóri Jónssyni haldist óbreytt. —

Leikandinn Gunnþórunn Halldórsdóttir lýsti því yfir í áheyrn fundarins að hún gengi

að þessu, og haldi áfram að leika áður umgetnar rullur. —

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1898 föstudaginn 7. jan, var fundur haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur. Mættir voru 12 fjelagsmenn. — Einnig var mættur Indriði Einarsson revisor, sem lýsti kostnaðinum við senu og búninga í Mester og Lærling, skoraði Kristján Þorgrímss. á Indriða Einarsson að taka að sjer að koma stykkinu á senu, og gjöra áætlun hvað það mundi kosta. Lofaði Indriði Einarsson að segja um það á næsta sunnudag. —

Samþ. að taka einn stykki sem leika mætti með Aprílsnarrunum. —

Fellt að fresta Mester og Lærling.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþ. till. frá Kr. Ó. Þ. að fá að vita með hvaða kjörum mætti fá þýðingar af Charles Dante og Ofinbýri á jörgufóð. —

Samþ. till. frá Kr. Þorgrímssyni, að öllum fjelagsmönnum sje borguð laun sín, og fjelagið taki lán upp á hugsanlegan tekjuhalla, er allir fjelagsmenn beri solidariskt ábyrgð á. —

Næsti fundur ákveðinn sunnudag 9. þ. m.

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898, 10. jan. var fundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.

1. Var tekið til umr. hvort Leikfjelagið vildi gefa Musikkfjelagi Reykjavíkur eptir húsið um næstu helgi til að halda samsöng í. samþ.

2. Þá kom fram tillaga frá Kr. Ó. Þorgrímssyni svohlj.:

 1. „Fjelagið ákveður að fá lánað „Æfintýri á Gönguför“ og „Sönkuna“ og láta skipa rollur í þeim stykkjum“. – þessi till. samþ.
 2. „Fjelagið felur Indriða Einarssyni á hendur að sjá um útbúning á „Meistara og Lærling“ fyrir það verð er hann hefir stungið upp á: 200. Kr, auk búninga“. –

3. ~~Meist~~ Einnig kom fram tillaga um að Meistari og Lærling sje frestað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frestuð til næsta árs: Sú till. felld.

Tillaga um að fjelagsmenn héldi samsæti á afmæli fjelagsins 11. jan. næstk. var samþ. Var nefnd falið að sjá um að þessu yrði framgengt. —

Fleira var eigi rætt á fundinum. —

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1898 mánudaginn 21. febr. var fundur haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.

Umræðuefni var hvort, ráðandi iðnaðarm. fél. hússins ekki vildi gefa Leikfjelaginu lengri tíma til að klára þau 25 kvöld, er ~~hann var~~ fjelagið hefir skuldbundið sig til að borga fyrir.

Ólafur Ólafsson lofaði að slaka til þannig: að tíminn lengdist til miðs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

maí, með þeim skilyrðum að fjelagið
borgi leigu fyrir þau 10 kvöld til samt.
hvort sem búið yrði þá að leika þau eða
ekki, og fjellst fundurinn á þetta. —

Þar næst var samþ. að halda áfram
með að fá fólk og æfa Carles Tante
Fleira var eigi gert á fundinum. —

Fundi slitið. —

Þorv. Þorvarðarson. Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1898, föstudaginn 22. apríl var fundur
settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.
Fundurinn settur af form. fjelagsins. Tilefni
fundarins var að skýra frá fjárhag fjelags-
ins, og gjörði gjaldkeri það. Skýrði hann
frá að fjárvöntun væri nú sem stæði c.
400 krónur — Brúttótekjur fjelagsins
hefðu orðið nærri 3000 krónur. —

Frá Árna Eiríkssyni kom fram svohljóðandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N/

Tillaga:
„Fjelagið felur stjórninni að taka (þetta) lán, og allt fjelagið eigi solidariskt, og hún leggi fram meðlimaskrá Leikfjelagsins; og bankastjórnin velji þar af þá er hún vill til að standa sem ábyrgðarmenn fyrir láninu."

Formaður fjelagsins las upp ábyrgðarskjal, er stjórn fjelagsins hafði samið, var það borið undir atkvæði fundarins, og var það samþykkt, og skrifuðu síðan 16 fjelagsmenn undir skjalið. —

Framlagður reikningur frá Ólafi Ólafssyni fyrir húsaleigu fyrir þau kvöld sem eptir eru af hinum umsömdu 26 leikkvöldum að upphæð 125 Krónur.* — Útaf þessum reikningi varð nokkur ágreiningur, um hvort þessi upphæð væri með öllu samgjörn, þar eð lítið ljós hefði sparast hjá húsinu þau kvöld sem ekki hefði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verið leikið. — Gjaldkyra var falið að jafna þetta við viðkomanda og borga reikninginn. —

Þá voru kosnir 3 menn til að endurskoða reglur og lög fjelagsins, kosnir voru:

Sig. Magnússon með 8 atkv.
Árni Eiríksson — „ 8 — „ —
Kristján Þorgrímsson — 8 — „ —

Reikningur frá Davíð Heilmann, fyrir fatalán, að upphæð Kr. 15.00, samþykktur.

Tillaga að fjelagið haldi skemmtun fyrir aðalfund, borið undir atkv. og lögð atkv. greiðsla.

Fleira var eigi gjört. Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson.

Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898 var aðalfundur settur og
haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur
Fundinn setti form. Þorv. Þorvarðarson
Upplesnar og samþykktar hinar 6
síðustu fundargjörðir. —
Framlagðir reikningar fjelagsins
endurskoðaðir. —
Form. gat þess að annar endur-
skoðandinn Br. Þorláksson, hefði eigi
sökum anna getað gengt þeim
starfa, og hefði hann því fengið
Hjálmar Sigurðsson í hans stað. —
Gjaldkeri las upp reikninginn og
skýrði hina einstöku pósta. —
Reikningurinn með athugasemdun-
um samþykktur í einu hljóði
Tillaga frá Kristjáni Þorgrímssyni
að gjaldkera fjelagsins sje veitt 25
Krónu þóknun fyrir reikningshald-
ið. Samþ. í einu hljóði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar næst var lesin upp skrá yfir leikrit
prentuð og útlánabækur fjelagsins
árið 1898.

2. Skrá yfir þýðingar með rullum (handrit)
fjelagsins.

3. Skrá yfir búninga og aðra muni
fjelagsins.

Þá var kosin stjórn fyrir næsta
ár og fjellu kosning þannig:
Formaður Þorv. Þorvarðarson með 11 atkv.
Skrifari Friðfinnur Guðjónsson — 10. " —
Gjaldkeri Borgþór Jósefsson 10. — " —
Áður en gjaldkeri var kosinn kom frá Hj.
Sigurðssyni svoh. ljóðandi.

Tillaga:
„Gjaldkera skal hjer eptir borgað 1%
af brúttótekjum fjelagsins" samþ.
Breytingartillaga frá Sigurði Magnússyni
„Gjaldkera sjeu borgaðar 40 kr. í árs-
laun" — Felld með 5 gegn 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga Hjálmars Sigurðssonar, að því viðbættu að gjaldkeri setji 300 kr. við, samþ. í einu hljóði. —

Í varastjórn voru kosnir:

Form. Árni Eiríksson

Skrifari Sig. Magnússon

Gjaldk. Matth. Matthíasson

Endurskoðunarmenn:

Sig. Magnússon

Hjálmar Sigurðsson

Frestað að kjósa leikstjóra.

Þá var lesnar upp. Tillögur um breytingar á lögum Leikfjel. Rvíkur er nefnd sú er til þess var kosin hafði samið.

Tillögurnar voru ræddar hver í sínu lagi, og urðu allmiklar umræður um sumar þeirra

Tillögurnar voru bornar undir atkv. og samþ. þannig.

3. grein

4. grein

5. grein

7. grein

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. grein -- Í staðinn fyrir 2/3 atkv., komi 3/4 atkv.
þeirra er á fundi eru. Starfandi
fjelagar geta þeir orðið þegar
þeir óskja. — Orðin: o. s. frv. út setn-
ingunni, falli burt. Samþ. í einu hlj.

4. grein -- Orðin: „eins“ fríbíletis hver handa
sjálfum sjer“, falli burtu, en í
staðinn komi; „að vera við“. —
Samþ. í einu hljóði

5. grein --- Endir greinarinnar orðist þannig:
„Lögmætur er fundur, ef helmingur
fjelagsmanna þeirra er í bænum
eru, mæta á fundi“ — endirinn
eins og hann áður er falli burt.
Fellt.

~~6. grein --~~
7. grein -- orðist þannig: að á eptir orðunum:
„heldur fjelagið samkomu“ komi: „einu
sinni í mánuði. Á þessum samkom.
er upplestur á atr. úr leikjum og önnur
aðalatriðið.“ — Seinasta málsgrein óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. grein — „Enginn fjelagsmaður má taka
þátt í opinberum leikjum,
öðrum en þeim, sem fjelagið
sjálft stendur fyrir. Undanteknir
eru þó ~~þeir~~ leikir, ~~sem~~ í góð-
gjörðaskyni, svo er og hverjum
fjelagsmanni heimilt að leika
í „privat“ fjelögum, sje aðgangur
ekki seldur. – Þó má slíkt alls
ekki koma í bága við sjónleiki
fjelagsins“. – greinin eins og
hún áður var falli burt. –

Samþykkt með 8 gegn 2.

10. grein – Orðist þannig: „Á tímabilinu
frá 15. september til 1. maí ár
hvert, getur enginn sagt sig úr
fjelaginu. Á öðrum tíma árs, skal
fjelagsstjórnin skyld að taka úrsagn-
ir gildar, þó því að eins, að fjelags-
maðurinn sje að öllu leyti skuldlaus-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við fjelagið." — Greinin eins- og hún áður var, falli burt.

Samþ. með öllum atkvæðum

12. grein - - - Orðist þannig: „Fjelagið skal sjálft eiga og geyma allt sem það á, og eignast, svo sem bækur, handrit, búninga, leiktjöld o. fl., og er stjórn fjelagsins eða einstökum mönnum, ekki heimilt að lána það út, eða nota, nema að fjelagið samþykki. Þó skal fjelagsmönnum heimilt, að fá að láni handrit og bækur til lesturs. Glatist nokkuð af eignum fjelagsins, og uppvíst verður, hver valdur er að því, skal sá hinn sami borga skaðabætur eptir mati tveggja stjórna fjelagsmanna. — Skrifari fjelags-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn-geymir leikrit þess

nótur og bækur, og skal leggja

fram skriflega skrá yfir þá

muni á hverjum aðalfundi. -

Leikstjóri leggur fram skrá á

hverjum aðalfundi yfir aðra

muni fjelagsins. Samþ. með öllum atkv.

13. gr. - - - Málsgreinin: Allir starfandi fjelagar,

orðist þannig: „Allir fjelagar“ o. s. fr.

samþ. í einu hljóði

~~14. gr.~~ - - ~~Detti~~

14 gr. - - - Falli burt. samþ. í einu hlj.

15. gr. verði 14. gr.

Aptan við 14. grein bætist:

á eptir orðunum: 2/3 fjelagsmanna,

komi: „þeirra er í bænum eru“. -

Samþ. í einu hljóði. -

## II. kafli

### Um leiki

9. grein: - - - Á eptir orðunum: - svo ölvaður eða því

um líkt að - „leikstjóri eða“ falli

burt.“ - Samþ. í einu hlj.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. gr.: — — Á eftir: „leikkvöldum“ komi: „í æfingum“ o. s. frv. —

Samþ. í einu hljóði. —

Breytingarnar, allar samþykktar í einu hljóði. —

Þorv. Þorvarðarson og Sigurður Magnússon lýstu því yfir að þeir yrðu ekki starfandi meðlimir næsta ár. —

Ennfremur lýsti Sig. Magnússon yfir því að hann væri óánægður með framkomu Leikfjelagsins við sig, þar sem það ekki hefði sýnt sjer neinn viðurkenningarvott fyrir síðastliðinn vetur, þar eð hann að sínu áliti hefði til jafnaðar haft hinar lengstu og vandasömustu rullur að leika, og leyst það ~~þannig~~ verk þannig af hendi að hann hefði öðrum fremur stuðlað að góðri aðsókn að leikjunum. Sagðist ekki fremur hafa ætlast til peninga-borgunar frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjel. heldur en t.d. Jeppe leikinn hefði verið fyrir sig eitt kvöld. –

Formaður og gjaldkeri svöruðu því, að um peningaborgun hefði naumlega verið að tala, þar eð fjelagið hefði haft tekjuhallann, en að leika eitt kvöld mundu flestir eða allir fjelagsmenn fúsir til að gjöra, ef það gæti orðið til þess að gjöra þenna leikanda ánægðan við fjelagið.

Tillaga frá Árna Eiríkssyni um að fjelagið borgi formanni og leikstjóra 6 kr. er þeir höfðu lagt út fyrir „Hjartslátt Emils" ~~til ungfr. Halldórsdóttir~~. Till. var samþ.

Fleira eigi gjört á fundinum

Fund. slitið

Þorv. Þorvarðsson Vilhjálmur Vilhjálmsson

Ár 1898, 3ja júní var fundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.

Efni fundarins var að tala um og taka ákvörðun um leigu á húsinu eptirleiðis o. fl.

Í tilefni af því kom fram tillaga að fela stjórn Leikfjelagsins að komast eptir með hvaða kjörum húsið fáist eptirleiðis það sumar.

Næsta mál var að tillaga kom frá Borgþóri Jósepssyni svohljóðandi:

„Að fjelagið taki að láni 50 krónur upp á væntanlega Benefice fyrir Sigurð Magnússon, sem haldið sé á þeim tíma er hann eða félagið álítur heppilegast fyrir 1. október þ. á." —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundurinn samþ. þessa tillögu í einu hljóði, og lýsti Sig. Magnússon því yfir að hann nú væri ánægður við Leikfjelagið, og héldi áfram að vera starfandi meðlimur þess.
Þá var kosinn leikstjóri Kristján Ó. Þorgrímsson með öllum atkv.
Hjálmar Sigurðsson skoraði á fjelagið og stjórn þess, að gera allt til að leikir gætu byrjað fyr en í fyrra, og var það almenn ósk fundarins.
Kr. Ó. Þorgrímsson skýrði frá að Brynjólfur Kuld hefði óskað eptir að mega afskrifa nokkra kafla af þýðingum sínum úr leikritum fjelagsins og óskaði Kristján að fundurinn segði sitt álit um þetta.
Fundurinn áleit að ekkert gæti verið á móti því að leyfa Kuld afskriftirnar, en þó með því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

móti að hann gerði það heima
hjá leikstjóra, og undir hans
eptirliti, þetta samþ.

Fleira eigi gjört

fundi slitið

~~Þorv. Þorvarðarson. Sigfús Eymundsson~~

Ár 1898 laugardaginn 23. júlí var fund-
ur settur og haldinn í "Leikfjelagi
Reykjavíkur." Fundargjörðir frá tveim
síðustu fundum upplesin og samþ.
Formaður gat þess að hann hefði
á meðferðis stykki það er flestir
fjelagsmenn nú hefðu lesið og bað
hann fundarmenn að láta álit
sitt í ljósi um það, og ákveða
eitthvað af þeim til sýningar
Þá var samþykkt að sýna "Min
Egen Dreng", en frestað atkvæðagr. um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

„En Söndag paa Amager". –

Vegna þess að fáir voru mættir á fundinum, og orðið mjög svo álið-ið, ~~var~~ en fleiri mál voru til umræðu, var fundinum frestað til Kl. 10 árdegis næsta dag. –

— ü —

Sunnudaginn 24. júlí var fundinum haldið áfram. –

Fyrst var borið undir atkvæði hvort taka skyldi „En Söndag paa Amager" og var það felt. –

Þá skýrði form. frá því að Brynjólf-ur Þorláksson færi til útlanda í haust, og yrði því fjelagið að útveg-sjer annan söngstjóra í hans stað. Stungið uppá frú Mörtu Pjetursdóttir það samþ. í einu hljóði. –

Rulluskipari Halldór Jónsson, endur-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kosinn í einu hljóði. —
Form. skýrði frá að Ólafur Rósen-
kranz hefði útvegað músikk í Mester
og Lærling, og kæmi hún nú með
næstu ferð. —
Stjórninni falið að fá Ólaf Rósen-
enkranz til að vera leiðbeinara
næsta leiktímabil
Þá skýrði formaður frá því að
fjelagið þyrfti að útvega fleira
fólk til að leika. —
Í tilefni af því kom fram
svohljóðandi tillaga í tveim liðum
1. Stjórn Leikfjelagsins sje falið
að útvega til næsta vetrar, menn
til að leika í fjelaginu og
semja við þá um kjör þeirra
2. Þeir menn utan fjelags, sem
ráðnir eru til að leika, sjeu
settir á skrá þá, sem rulle-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skipsara er send yfir leik-
endurna, og er honum skylt
að velja heldur fjelagsmann
sjálfan til að leika en utan-
fjelagsmann, ef hann á-
lítur þá jafna að öðru
leyti. —

Samþ. að fresta að prenta lög fjelagsins.
Samþ. að lána Br. Huld handritið
Meistar og Lærling í tvo daga.

Fleira var eigi gjört

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson. Sigfinnur Sigþórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898 föstudaginn 19. ágúst var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. – Fundarstjóri las upp þessar uppsökubeiðnir:

Frá Kristjáni Sigurðssyni
–„– Brynjólfi Kúld
–„– Helga Helgasyni
–„– Gísla Guðmundssyni

Þar ed enginn hafði neitt við það að athuga var greitt atkvæði um alla innsækjendurna í einu, og þeir samþykktir í einu hljóði. –

Fundarstjóri gat þess að Ólafur Rósenkranz hefði eigi getað orðið við bón félagsins að vera leiðbeinari að minnsta kosti ekki fyrir nýár. Ennfremur skýrði hann frá að aðrir hefðu gefið kost á sjer til þessa starfa sem væru þeir Einar ritstjóri Hjörleifsson og Guðm. prentari Magnússon. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Urðu nokkrar umræður um það, og
var síðan gengið til atkvæða, og var
Einar Hjörleifsson samþykktur í einu
hljóði. —

Formaður skýrði frá að frú Marta
Pétursdóttir væri fáanleg til að æfa
og kenna söng, með þeim skilyrðum
að dóttir hennar yrði sjer til aðstoðar
þegar leikið er; borgunin yrði 5 krón.
fyrir heils kvölds stykki, en 6 kr.
fyrir 2 st. á kvöldi. —

Ennfremur samþykkti fjelagið
að láta yrkja og prenta kvæði og binda
krans og gefa við jarðarför Steinunnar
sál. Runólfsdóttur. —

Þá las hr. Indriði Einarsson upp
seinasta þáttinn af leikritinu „Þrí
sigrúður“. —

Fleira var eigi gjört á fundinum
Fundi slitið. Þorv. Þorvarðsson. Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898, miðvikudaginn 7. septbr. var fundur settur og haldinn í „Leikfjelagi Reykjavíkur“. – Fundargjörðir frá tveim síðustu fundum upplesnar og samþyktar. –

Þá var lesin uppbeiðni frá Valdemar Ottesen og Einari Björnssyni, var gengið til atkvæða um þá og inntakan samþ. í einu hljóði.

Frestað að gjöra nokkra ákvörðun um ný stykki. –

Formaður skýrði frá að „Min egen Dreng“ og „Mester og Lærling“ væru tilbúnir og mætti byrja að æfa þau stykki.

Lagt til að æfingum sje frestað til h. 15. þ. m., samþ. með öllum gr. atkvæðum.

Fjelagið samþykkti að leika eitthvað af hinum eldri stykkjum um helgina 24.–25. þ. m. – Stungið uppá að leikið sje „Lagt op“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Æfintýri á Rósenborgargarði“ og „Trina“
Samþ. með atkv. gegn 3.

Kristján Þorgrímsson skoraði á stjórnina, að fara að semja um húsið fyrir komandi leikstímabil.

Formaður gat þess, að beiðnir hefðu komið frá Eskifirði og Eyrarbakka um að lána stykki til afskriftar eða þýðingar til kaups. — Gjörði hann þá fyrirspurn hvaða tekjur fjelagið vildi hafa af „Charleys Tante“ — Stungið uppá 10 krónum, það samþ.

Borgþór Jósefsson las upp vottorð frá formanni „Rvíkur klúbbsins“ Bjarna Jónssyni, þar sem hann lýsir því yfir að frú Stefanía Guðmundsdóttir hafi enga borgun tekið fyrir að leika fyrir klúbbinn.

Fleira eigi gjört á fundinum. — Fundi slitið

Þorvarður Þorvarðsson     Vilhjálmur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898, 4. október var fundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur. Form. setti fundinn og gat þess að hann hefði fengið áskorun frá ýmsum fjelagsmönnum, um að kveðja til fundar sem fyrst. Af því að skrifari fjelagsins var ekki mættur skipaði form. cand. Brynjólf Kuld til að gegna ritarastörfum

Um upptöku í fjelagið báðu Einar Hjörleifsson Guðm. Magnússon og Guðrún Sigurðardóttir inntaka þeirra samþ. í einu hljóði. —

Formaður las upp brjef frá frú Stefaníu Guðmundsdóttir, þess efnis, að hún segi sig úr fjelaginu sem starfandi meðlimur þess.

Formaður óskaði að fundarmenn ljetu ~~í ljósi um~~ ákvæðu hvort byrja skyldi nú þegar á æfingum, þó nokkrir af meðlimunum sökum annríkis gætu eigi komið á æfingar fyr en kl. 8½-9. Voru flestir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á því að byrjað yrði að æfa þau stykki
er þýdd væru og til búin, skoruðu á form.
að sjá um að skipað yrði í rullur í
Mester og Lærling og Min egen Dreng fyrir
næstu helgi, var það ákveðið að þá
skyldu æfingar byrja á þeim tveim
stykkjum. Í endalok fundar las
Guðm. Magnússon upp 3 kvæði.

Fundi slitið.

Þorvarður Þorvarðsson

Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898, sunnudaginn 9. oktober var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. –

Fundarg. frá 2 síðustu fundum upplesnar og samþykktar. –

Formaður las upp rulluskipun í „Mester og Lærling“ og „Hin egen Herre“. Þar næst skýrði form. frá því, að herbergi það í útnorðurenda Iðnaðarm.hússins, er félagið hefði óskað eftir í fyrra til leigu, væri nú fengið með því að félagið borgi 5 kr. á mánuði í leigu. –

Þá las formaður upp samning milli Leikfélagsins og Iðnaðarmannahússins um leigu á því fyrir komanda leiktímabil.

Einar Hjörleifsson beindi þeirri spurningu að fundinum, hvort ekki mundi fást samkomulag húsnefndar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um að málað sje yfir teppið fyrir leik-
sviðinu, sagði það eins- og það nú væri
til stórlíta fyrir jafnveglegt hús og
áleit það með öllu óbrúkandi. Í sama-
strenginn tók Guðm. Magnússon. Andrjes
Bjarnason taldi víst að iðnaðarmannafjelag-
ið væri fúst á að breyta teppinu, en
peningar væru ekki nú fyrir hendi til
að láta mála nýtt teppi. Tillaga kom
frá Einari Hjörleifssyni um að stjórninni
sé falið að leita samkomulags við
húsnefndina að fá teppinu breytt.
Tillagan samþ. með öllum greiddum
atkv.

Tillaga um að æfingakvöld séu á-
hvert mánudags- þriðjudags- og miðviku-
dagskvöld, sú till. samþ.

Stjórninni ásamt leikstjóra falið
að undirskrifa leigusamninginn ásamt
húsnefndinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Form. skýrði frá, að á stjórnarnefndarfundi 1. þ. m. hefði verið mættur Guðm. Magnússon og hefði hann (G. M.) beint þeirri spurningu að stjórninni, hvort Leikfélagið ~~ætlaði~~ ætlaði nokkuð að nota hann líka í vetur", ~~urðu allmiklar umræður um~~ gjörði hann félaginu það tilboð að félagið borgaði sér 3 kr. fyrir hvern ~~eftir~~ seinnipart dags sem hann ynni í þarfir félagsins. Um þetta urðu bæði langar og allharðar umræður, en að lokum samþ. svohljóðandi till. frá E. Hjörleifssyni og

"Leikfélagið lætur Guðm. Magnússon sjá fyrir öllu því er gera þarf, og ekki er þegar ákveðið. — Þessi till. samþ.

Fleira var eigi gjört á fundi.

Fundi slitið.

Þorvarður Þorvarðsson. Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898, föstudaginn 21. október var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.—

Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþykkt.

Formaður skýrði frá að stjórn fjelagsins hefði komið sér saman um að ráða Gudm. Magnússon með þeim kjörum, að félagið ~~ábyrgð~~ tryggði honum þá upphæð, sem að minnsta kosti ~~vari~~ svaraði því að hann hefði 5 kr. fyrir hvert kvöld sem leikið væri. Þessi tillaga borin undir atkvæði og hún samþykkt.—

Ennfremur skýrði formaður frá því að Sig. Magnússon neitaði að taka rulluna Leopold sem hann er skipaður í, í Drengurinn minn, og lagði því fyrir fundinn að ákveða sekt.

Tillaga frá Einari Hjörleifssyni

að frestað sé að ráða framúr rulluskipuninni og sekt Sig. Magnússonar. Hún samþ.

Einar Hjörleifsson afhenti leikstjóra skrá yfir ýmsa muni er þyrfti til sceninnar.

Tillaga frá Borgþór Jósefssyni svohljóðandi:

„Leikfélagið heimilar gjaldkera sínum að halda eptir af kaupi leikenda eður annara starfsmanna sinna, þeim uppkveðnum, er nemur sektum þeim er leikstjóri hefir úrskurðað, en leikstjóri ber ábyrgð á að allar sektir séu lögum samkvæmar.

Fleira var eigi gjört
Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898 mánudaginn 3ji okt. var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.
Varaform. Árni Eiríksson setti fundinn og skýrði frá að tilefni fundarins væri hvort félagið vildi taka þátt í kvöldskemtun til ágóða fyrir hinn sjúka mann Kristinn Jónsson. Í tilefni af því kom fram tillaga að félagið leiki Afinntýrið í Rosenborgargarði; og var það samþykkt.

Fleira eigi gjört á fundinum

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson  Gísli Finnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898 fimmtudaginn 1. des. var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.
Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþ.

Formaður gat þess að tilefni þessa fundar væri að ákveða hvaða leikrit fjelagið tæki næst til æfings. Skýrði hann frá að instruktör hefði heldur ráðið fjelaginu frá að taka „Mester og Lærling" en nú hefði instruktör Einar Hjörleifsson leikritið „Esmeralda" á íslenskri þýðingu og með útskrifuðum rullum, og óskaði formaður að fundarmenn léti álit sitt í ljósi

Formaður bar fram tillögu um að stykkið „Esmeralda" sje tekið næst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar næst skýrði form. frá að blaða-
mannafjel. hefði gert svohlj. samþ.
að þeir dæmi ekki um sjónl. nema
þeir hafi frí bílæti fyrir allan
leiktímann. Gat hann þess að
stjórn fjelagsins ásamt leiksty.
hefði komið sjer saman
um að mæla með því að
Leikfjelagið sendi þeim þessi
þessi bílæti. Um þetta urðu all-
miklar umræður.
Borin upp svohlj. till. frá Þ.G.
Sigurðssyni ~~till.~~
samþ. svohlj. till. frá stjórninni
að blaðam. fjel. sje send bílæti
fyrir allan leiktímann, sú
till. samþ. með öllum atkv.
gegn 2.
„Leikfjelagið býður öllum
ritstjórum hinna almennu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjettablaða hjer í bænum í fyrsta
sinni, sem hver leikur er leikinn
og láta þá hafa seti saman
á lit bekk. En önnur kvöld sje
þeim því aðeins boðið að þau
ákveðinn seti sjer áskilið 2 stundum
áður en leikirnir byrja, enda
sjer þau seti seld síðast.
Þessi tillaga feld.

Borin upp till. frá stjórn-
inni að ritstj. fjetta ~~blaðamannafél.~~ sje send
bílæti fyrir allan leiktímann
Sú till. samþ. með öllum atkv.
gegn 2.

Fleira ei gjört á fundinum
Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Sigfinnur Sigurjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898 miðvikudaginn 14. desbr. var
fundur settur og haldinn í Leikfél.
Reykjavíkur. —

Tilefni fundarins var það að
ritstjóri Björn Jónsson hefði skilað bílæti
sínu aptur, sem honum hafði verið sent
af Leikfélaginu. — Ætlaðist hann til
að ritstjóra Kvennablaðsins yrði sent
sitt bílæti svo Leikfél. ekki þyrfti að
gefa út fleiri fríbílæti. — Kristján
Þorgrímsson skýrði frá að á fundi í
Bladamannafél. sem haldinn var í
gærkveldi ~~hefði~~ ritst. Kvennabl. Bríet krafist þess,
að ~~ritstjórnin~~ ritstjórar þeir sem væru
meðlimir Bladam.fél. skiluðu sínum
bílætum aptur og skrifuðu ekki einn
staf meira um leikina, og væru ábyrg
á því sem þeir þegar væru búnir að skrif

Enn fremur krafst hún samþ. samþykkis
Bladam.fél. til a heimsling á fríbi

leti frá Leikfél. alveg eins og ritstjór-
ar fréttablaðanna.

~~Hjálmtar~~ Hjálmar Sigurðsson var algjörlega móti því að Bríet fengi fríbílæti, þar sem það lægi í augum uppi að hún gerði þetta einungis til að „knúska" Leikfél. til að láta sig fá fría sjónleiki í vetur.—

Margir fleiri töluðu um þetta, og að lokum var borin upp svohlj. tillaga

Leikfél. gefur út bílæti handa Kvennablaðinu.— Samþ. með 10: 3 atkv.

Í sambandi við þetta kom fram tillaga frá Hj. Sig. svohlj.

Ritstjórarnir noti sjálfir bílætið, eða einn maður, sem ritstjórinn hafi tilnefnt Leikfél. hver sé, fyrir allan veturinn.— Samþ. með 12: 2 atkv.

Fleira eigi gjört á fundi.

Þorv. Þorvarðarson. Friðf. Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1898 þriðjudaginn 20. desbr. var fundur haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur. —

1. Var lesin upp upptökubeiðni frá Kennara Sigurði Jónssyni, greidd atkv. og hann samþ. í ~~samþ.~~ einu hljóði

2. atriði á dagskránni var að gjöra ráðstafanir viðvíkjandi einum leikanda, skýrði formaður þetta mál fyrir fundinum. Í þvítilefni las form. upp yfirlýsing til samþykktar á fundinum svohljóðandi:

Fèlagið lýsir yfir megnri óánægju út af því að cand. Sigurður Magnússon var drukkinn síðasta leikkvöld þess, og samþykkir jafnframt að komi slík ósvinna optar fyrir, verði lögunum beitt með svo miklum strangleik sem frekast er unnt.

Við þetta kom fram breytill. frá Hj. Sigurðss. svohlj.: Í stað orðanna: „verði lögunum

o. s. frv. Komi: verði beitt 9. gr. í reglum
fyrir leikum."

Breytingartill. felld með 6:1 atkv.

Yfirlýsingin samþ. með 10:2 atkv.

3. atriði var að ræða um leiki fjelagsins;
engin tillaga kom fram.

Helga Helgasyni var falið að leita
höfanna við Hafnfirðinga hvort
þeir ekki vildu slá sjer saman og
sækja leik fjelagsins á annan jóla-
dag og ennfremur að afsaka við
þá að svo óheppilega skyldi fara
að ekki var leikið seinast þegar
þeir ætluðu að sækja leik fél.

Brynjólfur Kuld gjörði þá fyrir-
spurn til fél. hvað oft það
ætlaði að leika þetta ár. Skyldi
samþ. með 9:4 atkv. að leika á annan
jóladag.

Fleira eigi gjört á fundinum fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson     Kristinn G[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1899 laugardag 7. jan var fundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.—

Fundargjörð frá tveim síðustu fundum upplesin og samþykkt.

Þá kom fyrst til umræðu upptökubeiðni frá Bergþór Þorsteinssyni; greidd atkvæði um hana og hann samþ. ~~einróma~~ með 13:1 atkv.

2. Greitt atkvæði um „Hermannaglettunnar“ samþ. að leika þar með 11:1 atkv.

3. Stungið uppá að leika „Varaskeifuna“ með „Hermannaglettunum“ samþ. með 10:1 atkv.

4. Ákvarðað að láta „Et Uhyre“ eptir Bergh. ganga milli félagsmanna til lesturs.

5. Rætt um afmæli Leikfélagsins; kosin 3. manna nefnd til að sjá um það að samsæti verði haldið í líku formi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og í fyrra; kosnir voru: Kristján Þor-
grímsson, Borgþór Jósefsson og Árni
Eiríksson.

Fleira eigi gjört á fundinum

Fundi slitið.

Sigmundur Guðjónsson

Þorv. Þorvarðarson.

Ár 1899, miðvikudaginn 1. febr. var fundur
settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.
Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin
og samþykkt.

1 Var til umræðu bréf frá Leikfélagi Hafn-
firðinga, þar sem það býður Leikfélagi
Reykjavíkur að leika sjónleikinn Skugga-
Sveinn 1 kvöld fyrir 55 kr. þóknun. Það leggur
sjálft til búninga en ekki leiktjöld.

Eptir nokkra umræðu kom fram
svohljóðandi tillaga frá Árna Eiríkssyni
: Félagið samþ. að leyfa Leikfélagi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Hafnfirðinga" að leika eitt kvöld hjer
í bænum, og lofar að lána nefndu
fjelagi húsið án endurgjalds- með sam-
komulagi við húseigendina. Verð á að-
göngumiðum skal vera hið sama og
hjá Leikfjelagi Reykjavíkur. —
2 Rætt um „Et Uhyre" og voru mjög skiptar
skoðanir. Tillaga kom frá Árna Eiríks-
syni að frestað sje að ákveða hvort
leika skuli „Et Uhyre" eða ekki, fyrst
um sinn, hún samþ.
Fleira var eigi gjört á fundinum.
Fundi slitið
Þorv. Þorvarðsson. Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1899, Mánudaginn 13. febr. var fundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur. Umræðuefni var hvort fjelagið ætti nú að ~~leika~~ taka ~~nýtt~~ fleiri stykki, eða aðeins leika þau gömlu, ~~án~~ til skiptis þangað til fengin væru 20 kvöld. Urðu mjög skiptar skoðanir um þetta efni, og hjeldu sumir því fram að leikendur væru orðnir svo leiðir á æfingum að þeir vildu vera lausir við að æfa heils-kvöldsstykki. En aptur á móti hjeldu nokkrir því fram að nýtt stykki þyrfti að æfa til að leika með „Hermannaglettunum" t. d. „Et Uhyre" sem áður hefði ~~frá~~ verið rætt um og frestað var að gjöra ákvörðun um. Bent var á stykkið „Unge Falk", og því haldið fram, að eigi væri lengur verið að æfa það en „Et Uhyre". Lagt til að fundurinn ákveði hvorugt þessara stykkja fyr en búið sje að lesa upp „Unge Falk", sem gert sje sem allra fyrst; þessi tilhögun samþ. lofaði hr. Guðmundur Magnússon að gjöra það, eptir

ósk fundarins, lofaði formaður að útvega
húsrúm og láta fundarboð ganga.

Þá kom tillaga frá Hj. Sigurðssyni, að fundurinn geri ákvörðun nú þegar um hvort taka skuli „Et Uhyre“ eða ekki. Þessi tillaga felld með 7:4 atkvæðum. —

Fleira var eigi gjört á fundinum
Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðarson  Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1899 sunnud. 19. febr. var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. —

Upptökubeiðni frá Árna Jónssyni lesin upp. Till. að henni sje frestað — samþ. með 8 atkv.
Till. frá Einari Hjörleifssyni að taka „Et Uhyre“ samþ. með 7 gegn 4 atkv.

Till. frá Kr. Ó. Þorgrímssyni um að fresta ákvörðun um „Unge Folk“ um óákveðinn tíma, það samþ. með 5 á móti 4 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristján Þorgrímsson lagði þá spurningu fyrir fundinn hvort fjelagið ekki syndist ráðlegt að æfa¿ sýnið eða Charleys-Tante¿ í 2 kvöld. – Í tilefni af þvi kom fram till. frá Árna Eiríkssyni, að stjórninni sje falið að leggja fyrir fund hver af hinum fimm¿ stykkjum skuli leikin. ~~það samþ.~~ þessi till. tekin aptur. Till. frá Hjálmari Sigurðssyni: „að stjórninni sje falið að taka þau stykki til nota í vetur, ef með þarf, sem komin eru á prógram fjelagsins. –

Önnur tillaga frá Hj. Sigurðssyni, svo hljóðandi:

Framvegis sje hvorki karlar nje konur tekin í Leikfjelagið nema reyndir sje¿ að umsækjandinn hafi leikhæfileika. Báðar þessar till. samþ.

Fleira eigi gjört á fundinum. – Fundi slitið.

~~Þorv. Þorvarðsson~~ Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1899 þriðjudaginn 28. febr. var fundur haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur. — Fundargjörðir frá síðustu fundum upplesnar og samþykktar.

Formaður skýrði frá að tilefni þessa fundar væri brjef til sín frá hr. Einari Hjörleifssyni svohljóðandi:

„Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að sem allra fyrst verði haldinn fundur í Leikfjelagi Reykjavíkur. Fundarefni er, að því leyti, er það kemur mjer við: Umræður og væntanleg ályktun í tilefni af rógi í fjelaginu." —

Reykjavík 28. febr. 1899.

Virðingarfyllst

Einar Hjörleifsson

Til formanns

Leikfjelags Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Einar Hjörleifsson skýrði frá, að
orsökin til þess að hann hefði skrifað for-
manni brjef þetta væri sú, að umtal nokkurt
væri orðið um það meðal fjelagsmanna, að
hann væri höfundur að greinum þeim sem staðið
hefðu í Ísafold í vetur um leikina, sjerstaklega
væri tilnefnd grein um leikritið „Esmeralda", kvað
hann sjer þætti þetta umtal mjög leiðinlegt
því það segja allir að það sæti illa á
sjer sem ~~leiðbeinara fél~~ instruktor
fjelagsins að skrifa „Kritik" um leik-
endur fjelagsins. —
Urðu allmiklar umræður um þetta
og reynt að komast fyrir hver upphafs-
maður væri að áðurnefndu „slúðri", en
að lokum komst ~~fundurinn komst~~ að þeirri niðurstöðu
að samþ. eptirfarandi tillögu frá
Einari Hjörleifssyni:
„Fundurinn skorar á stjórn fjelagsins
að leggja fyrir næsta aðalfund ~~nst~~ tillögu til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

breytingar á lögunum, í þá átt, að
það varði brottrekstri úr fjelaginu að
hvíkja úlfúð útaf fjelagsmálum!"
Till. þessi samþ. með öllum greiddum
atkv. gegn 1.—

Fleira eigi gjört

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Vilh. Gudjónsson

Ár 1899, föstudaginn 7. apríl var fundur settur
og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur. —
Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og
samþykkt. —
Tilefni fundarins var að ákveða hvort
halda skyldi áfram að leika
Í tilefni af því kom fram tillaga frá Krist-
jáni Þorgrímssyni svo hljóðandi:
Jeg legg til að leikið sje í síðasta sinni á
þessum vetri næstkomandi sunnudag

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

till. þessi samþ. í einu hljóði.
Ennfremur kom fram till. að stjórninni sje falið að íhuga lög og reglur félagsins og koma fram með till. til breytingar ~~á~~ og leggja fyrir næsta aðalfund. Tillagan samþ. í einu hljóði. —
Leikendur áminntir um að senda sem fyrst reikninga fyrir fatalán og annað til reikningshaldara.
Fleira var eigi gjört

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1899, sunnudaginn 23. april var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.
Fundargerð frá síðasta fundi upplesin og samþykkt. —
Fundarefni var fjárhagur félagsins, og skýrði ~~sem~~ gjaldkeri félagsins frá hvernig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N 11

hafur þess staði nú og eftir því sem hann skýrði frá, vantaði fjelagið nú c. 400 krónur til að geta borgað það sem inni stæði hjá fjelaginu. —

Í tilefni af þessu kom fram tillaga um að fjelagsmenn legðu allir til hver sinn ~~hlut~~ skerf til að fylla þessa upphæð er vantaði og var því jafnað þannig niður:

| | | |
|---|---|---|
| Kristján Þorgrímsson | Kr. | 75-00 |
| Borgþór Jósefsson | " | 75-00 |
| Árni Eiríksson | " | 50-00 |
| Þorv. Þorvarðarson | " | 25-00 |
| Friðf. Guðjónsson | " | 25-00 |
| Magnús Benjamínsson | " | 20-00 |
| Andrés Bjarnason | " | 25-00 |
| Matthías Matthíasson | " | 50-00 |
| Valdemar Ottesen | " | 25-00 |
| Ólafur Ólafsson | " | 25-00 |
| Hjálmar Sigurðsson | " | 25-00 |
| Tals = | Kr. | 420-00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| | Fluttar Kr. | 420-00 |
| Helgi Helgason | " | 25-00 |
| Einar Björnsson | " | 25-00 |
| Jónas Jónsson | " | 25-00 |
| Sigurður Jónsson | " | 25-00 |
| David Heilmann | " | 25-00 |
| Br. Kuld | " | 25-00 |
| Gunnþórunn Halldórsdóttir | " | 25-00 |
| // Alls | Kr. | 595-00 |

Lofuðu þessir félagsmenn að greiða fé þetta gegn því að þetta álitist sem lán til félagsins - sem það ábyrgðist að væri endurborgað ásamt vöxtum. Í þeim tilgangi kom fram svo hljóðandi tillaga frá Kristjáni Þorgrímssyni

„Upphæðir þær er félagsmenn nú lána Leikfélaginu, endurborgar Leikfélagið að fullu ásamt 4% vöxtu, fyrir 31. jan. árið 1900, af tekjum þeim, sem inn koma á næstkomanda félagsári, en skyldu leikir ekki halda áfram, skuldbinda félagsmenn sig, einn fyrir alla og allir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir eins – að skuldin sé greidd að fullu.–

Þessi tillaga var samþ. með öllum greiddum atkvæðum

Þá var stjórn Leikfélagsins falið að leita samkomulags við húsnefndina um að lengja tímann til þess að félagið geti náð upp nokkrum kvöldum í viðbót

Tillaga frá Hjálmari Sigurðssyni um að fela stjórninni að sækja um að fá eftirgjöf á áföllnu bæjargjaldi.

Fleira eigi gjört

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Frið. Guðjónsson

Ár 1899, sunnudaginn 2. júlí var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. Fundargj. frá síðasta fundi upplesin og samþ.

Skrifari lagði fram skrá yfir bækur og handrit félagsins, einnig lista yfir eignir þess.

Þá lagði gjaldkeri fram endurskoðaðan reikning fyrir leikárið, var hann lesinn upp, borinn til atkv. og samþ. í einu hljóði.

Samþ. var að fá framlengt bankalánið

Stjórnin lagði fram þessar breytingar-tillögur við lög félagsins –

I. Kafli 1. gr. Í stað orðanna: ganga á meðal félagsmanna – komi: ganga á meðal starfandi félagsmanna

Aftan við greinina bætist: Með fundarsamþ. má þó fela stjórn félagsins – ásamt leikstjóra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og instruktör að ákveða hvort hvert ein-
stakt leikrit skuli leikið eða ekki.

I. Kafli 8. gr. Í stað orðanna: að viðlagðri 2 króna
sekt, komi: að viðlagðri 5-20 króna
sekt, sem stjórn fjelagsins ákveður.

II. Kafli Aftan við 9. gr. bætist: Nú er leikandi
sýnilega ölvaður, að dómi meirihluta
leikenda, án þess að hætt sé við
að leika, og skal hann þá greiða
5-20 króna sekt, sem stjórn fjelagsins
ákveður.

1. breyting samþykkt í einu hljóði
2. — — með öllum greiddum atkv.
3. — — í einu hljóði
4. — — —

Þá kom fram tillaga frá Borgþóri Jósefssyni
svohljóðandi:
Í stað: leikstjóra skulu borgaðir 5
krónur fyrir hvert kvöld sem
leikið er. komi: 3 krónur

Samþ. með 9 atkvæðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga frá sama svohljóðandi:
Í stað: Regisör skulu borgaðar 2 kr 50
au. Komi: 2 krónur
Samþykkt með 10 atkvæðum
Tillaga frá sama við 1. lið um borgun til leikenda
Í stað skal borga komi: má borga.
Þá ákvað fundurinn að borgun til gjaldkera sé hækkuð um helming
Þá var kosin stjórn fyrir næsta ár og hlutu kosningu
Formaður Þorv. Þorvarðsson
Skrifari Sigfinnur Guðjónsson
Þar eð gjaldkeri Borgþór Jósefsson kvaðst ekki geta sökum anna tekið það starf að sér framvegis var í hans stað kosinn gjaldkeri Kristján Ó Þorgrímsson.
Frestað að kjósa leikstjóra, instruktör og regisör.
Kosin vara stjórn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður Árni Eiríksson
Skrifari Sigurður Jónsson
Matthías Matthíasson gjaldkeri
Endurskoðunarmenn:
Hjálmar Sigurðsson og
Sigurður Magnússon
Stjórninni falið að íhuga hvort hægt
sé að leika um þingtímann og koma
því í verk ef hún sér því fært.
Frestað að sækja um eptirgjöf á bæjargjaldi
Samþykkt í einu hljóði að félagið sæki um
100 króna styrk til þingsins hvort árið.
Fleira var eigi gjört á fundinum
Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Kristinn Kristjánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1899 laugardag 7. okt. var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur

Formaður skýrði frá að ~~form~~ stjórn félagsins hefði sótt um 1000 krónu styrk til þingsins fyrir félagsins hönd, umsóknina hefði herra Einar Hjörleifsson samið og hefðu henni fylgt meðmæli frá öllum ritstjórum bæjarins og fl. sem allt hefði borið vott um velvild bæjarmanna til félagsins. Árangurinn af þessari umsókn var að þingið veitti 300 krónur gegn því að bæjarsjóður legði til helming á móti eða 150 krónur, svar frá bæjarstjórninni viðvíkjandi þessu er þegar komið og er þannig að ef félagið haldi áfram að starfa í líku formi og í fyrra sé þessi styrkur félaginu vís.

Þá skýrði formaður frá að þessi félagsmenn hefðu sagt sig úr sem starfandi: Sigurður Magnússon, Árni Eiríksson, Þóra Sigurðard. og Gunnþórunn Halldórsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var tekið fyrir hvort félaginu skyldi haldið áfram eða ekki, og voru allir þeir er létu skoðanir sínar í ljósi í því efni, eindregið á því að félagið nú ekki mætti leggjast niður þar sem það nú hefði fengið styrk af opinberu fé, og var samþ. í einu hljóði að halda félaginu áfram

Þá var kosinn leikstjóri Ólafur Ólafsson í einu hljóði.

Þá var stjórn félagsins falið:

1. að útvega „mussikant"
2. að útvega skrúðstúlku
3. að semja við Guðm. Magnússon um að starfa fyrir félagið
4. að semja við húsnefnd iðnaðarmanna-félagsins um leigu á húsinu og leggja þann samning fyrir fund
5. að velja stykki og koma með tillögur í því efni fyrir næsta fund.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga að byrjað sé að leika
Hermannaglettur og Villidýrið 22 þ.m.
og „Drenginn minn" 29. s.m.
Samþ. í einu hljóði
Ákveðið að halda fund næsta laugar-
dag.

Fleira ekki gjört

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson.

Friðf. Guðjónsson

Ár 1899 laugardaginn 14. okt. var fundur settur
og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.
Fundargjörð frá 2 síðustu fundum upplesin
og samþykt.
Formaður lagði fram breytingar á leigu-
samningi 1898–99, og var samþykt að fallast
á þær. Og var stjórn Leikfélagsins falið að
skrifa undir samning á þessum grundvelli.
Samþykt uppástunga frá stjórninni um að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nú sé svo fljótt sem unt farið að þýða nýtt stykki „Unge Folk“ og svo tekin jafnhliða gömlu stykkin Æfintýri á gönguför og „Carleys tante“

Eftir tillögu sem samþykt var, var leigusamningurinn tekinn fyrir á ný, og eftir talsverðar umræður var málinu frestað þar til Iðnaðarmannafélagið hefði látið sitt álit uppi hvort það ekki sæi sér fært að slá af kröfum sínum viðvíkjandi húsinu.

Þess var farið á leit við húsnefndina að hún hlutast til um að ef alþýðufyrirlestrar séu haldnir í húsinu sama dag og leikið er, þá séu þeir búnir eigi síðar en kl. 6½ eða hálfum öðrum kl. tíma áður en leikir byrja.-

Fleira var eigi gjört. Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðarson.

Guðfinnur Guðjónsson

Ár 1899 sunnudaginn 5. nóvember var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Formaður skýrði frá því að stjórn félagsins hefði enn á ný leitað samkomulags við húsnefndina, en hún væri ófáanleg til að slaka til í samningunum. Var eptir töluverðar umræður gengið til atkvæða um samninginn eins og hann lá fyrir síðasta fundi og hann samþyktur með 10 samhljóða atkvæðum.

Formaður gat þess að hr. Kaupm. Björn Kristjánsson hefði boðist til að borga helming kostnaðar er leiddi af lýsing og upphitun scenunnar á leikkvöldum. Félagið viðurkendi góðan tilgang hr. Björns Kristjánssonar, sem hann hefði gjört í ~~þeim tilgang~~ því skyni að miðla málum milli stjórnar Leikfélagsins og Iðnaðarmannafélagsins og samþykti að senda honum þakklæti sitt, en vildi eigi nota tilboðið.

Þá var stjórninni falið:

1. að útvega bílætasala

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. að semja við instructör, og samþykti að jafnframt að borga honum 10 kr. fyrir hvert kvöld sem leikið er.

3. að semja við Jón Jónsson cand. phil. ef svo færi að hann vildi í einhverju starfa fyrir fèlagið – jafnframt samþ. að stjórnin mætti ráða hann fyrir 10 kr. – ef hann heimtaði – fyrir hvert kvöld sem hann lèki.

4. að semja við Guðm. Magnússon

~~5.~~ að ~~uto~~ Viðvíkjandi sekt leikandans Sigurðar Magnússonar kom fram svohlj. tillögur frá Borgþór Jósefssyni

~~I.~~ I. „Leikfèlagið samþykkir að leikandinn Sigurðar Magnússon cand theol skuli sekt gjalda 50 – fimmtíu krónur – fyrir að vera svo fullur á leiknum 22. þ. m. að fyrir þá sök varð að hætta í miðjum leik.

II. Leikfèlagið samþykkir ennfremur að sami leikandi borgi að fullu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allan þann beina ~~kostnað~~
peningamissir er hann olli fé-
laginu og leikendum með nefndu
fyllirí; sem mun auk sekt-
arinnar nema nálægt 200 Kr.

og
III. að stjórn Leikfélagsins sé falið
að krefja nefndan leikanda borg-
unar á ofannefndum upphæð-
um, og krefjast að þær séu borgaðar
– að minnsta kosti innan útgöngu
marzmánaðar 1901 eða samið
um greiðslu innan þess tíma.

1. liður samþ. með 9. atkv.

2 — — — 9 —

3 — — — 8 gegn 5

Fleira var eigi gjört

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðarson    Kristinn Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudag 27. nóv. var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Rvíkur

Tillaga frá stjórninni um að fá frú Jónsson cand. til að taka rollu í „Unge Falk“ samþ. með 16 atkvæðum

Stjórninni falið í samráði við instruktör að taka „Mellem Slagene“ og fá frú Jónsson cand. til að leika Sverris konung.

Beiðni kom fram frá Hinu ísl. prentarafélagi um að fá lánað hús og leiktjöld, til að nota við fyrirhugaða kvöldskemtun.

Varastjórn leikfélagsins ásamt gjaldkera falið að semja umsvör.

Fleira eigi gjört.

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Frú J. Guðjónsson

Ár 1899, 18. desbr. var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. Þær síðustu fundargjörðir upplesnar og samþykktar.

Formaður skýrði frá að Jón Jónsson sem hefði verið að æfa í „Unge Folk" væri veikur og því hefði stjórnin komið sér saman um að ~~byrja~~ láta byrja á æfingum á „Valbæjargæsinni" var það borið undir atkvæði og samþ.

Fleira var eigi gjört.

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson   Sigfinnur Guðjónsson

uppl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1900 mánud. 8. jan. var fundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.

Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþ.

Þá var fyrst tekið til umræðu hvort leyfa skyldi Halldóri Jónssyni að taka afskrift af Esmeralda fyrir 10 kr. borgun. Það samþ.

2. Lagt til að Nei sé tekið með „Milli bardaganna" Það samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

3 Kom fram tillaga frá instruktör svohljóðandi „Fjelagið biður leikendur og aðra starfsmenn sína að leika eitt kvöld í miðri viku „Heimilinu" til ágóða fyrir samskotin til Norðmanna, með því skilyrði að engin samkoma til ágóða fyrir nefnd samskot verði haldin á sunnudag."

Þessi tillaga samþ.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Samþ. að sleppa forgangsrétti að húsinu laugardaginn 26. jan.

5. Formaður skýrði frá að félagsmenn ættu fríann aðgang að skemtisamkomum Iðnaðarmannafélagsins

6. Stungið uppá að kjósa 3 manna nefnd til að standa fyrir afmæli félagsins og koma því í framkvæmd sem allra fyrst. Í nefndina voru kosin Gunnþórunn Halldórsdóttir, Árni Eiríksson og Helgi Helgason.

7. Samþ. að borga 50 kr. afborgun til landsbankans auk vaxta.

Fleira eigi gjört

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson.

Sigfinnur Sigjónsson

Ár 1900 Sunnudaginn 4. febr. var fundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.

Tillaga frá Árna Eirikssyni að stjórninni sé falið í samráði við instruktör að velja stykki eitt eða fleiri sem nægi til eins kvölds, en jafnframt sé stykkið „Pak" látið ganga fyrir ef hægt verður að fá nóga leikendur í það. Þessi tillaga var samþ. með 13 atkv.

Beiðni frá Guðm. Magnússyni um að mega skrifa af „Unge Fålk" eða „Esmeralda" ~~samþ.~~ gegn vanalegri þóknun & samþ. í einu hlj.

Tillaga að fundarsamþykt 8. jan. sé breytt þannig: að í stað „Vengjinn minni" komi „Æfintýri á Gönguför" og verði leikið næstk. föstudag — það samþ.

Þá var stjórninni veitt heimild til að verja allt að 25 krónum til leikritakaupa.

Lagt til að heimila stjórninni að semja við Jón Jónsson um að leika í stykkjum sem kynnu að verða leikin framvegis.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira var eigi gjört á fundinum.

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson. Frið. Guðjónsson

Ár 1900, sunnudag 4. febr. var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur

Tillaga frá Árna Eiríkssyni að stjórninni sé falið í samráði við instruktör að velja stykki eitt eða fleiri sem fylli eitt kvöld, en jafnframt láta stykkið „Fálk“ ganga fyrir öðrum stykkjum, svo framarlega sem hægt sé að fá leikendur í það. Þessi till. samþ. með 13 atkv.

Beiðni frá Guðm. Magnússyni, um að mega afskrifa „Fálk“ eða „Esmeralda“ samþ.

Tillaga að fundarsamþ. frá 8. jan. sé breytt þannig: að í stað Drengurinn minn komi Æfintýri á Gönguför, sem leikið verði næstkomandi þriðjud. – Samþykt.

Stjórninni veitt heimild til að brúka

allt að 25. kr. úr leikfélagssjóði til leikritakaupa.

Stjórninni veitt heimild til að semja við cand. phil. Jón Jónsson í ~~stykkjum~~ ~~sem~~ um að leika í þeim stykkjum sem tekin kunna að verða.

Fundi slitið

[illegible]

Ár 1900, sunnudaginn 20. maí, var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Voru fundargjörðir frá síðustu fundum upplesnar og samþyktar.

Var fyrst tekið fyrir að greiða atkv. um innsækjandann cand. Jens B. Waage, er sent hafði upptökubeiðni til formanns félagsins, og var hann samþ. ~~með öllum~~ í einu hljóði.

Þá lagði gjaldkeri fram endurskoðaðan reikning, með athugasemdum, ~~=~~ svörum ~~við þeir~~ og úrskurðartillögum frá endurskoðendum. Var þegar gengið til atkvæða um þær þannig:

1.–3. Samþykt með 7 atkvæðum

4 og 5. Samþykt með öllum greiddum atkv.

6. a. Samþykt með lófaklappi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. 6. Breytingartill: „má við sorbúið standa“
Samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.
7. Samþ. með öllum greiddum atkvæðum.
8. Fyrra lið tillögunnar fullor. Annar
liður felldur með 10 gegn 7.
9. Samþykt með öllum gr. atkv.
10. Samþ. með öllum greiddum
atkv.
11. Samþ. með öllum greiddum atkv.
12.-15. (incl.) Felt með 8 gegn 4 atkv.
16. Samþykt með öllum greiddum atkv.
17. Samþykt með 11 atkv.
18. Samþykt að fresta til næsta fundar.
Síðan var reikningurinn borinn undir
atkvæði og samþyktur með 11 atkvæðum.
Þá var tekið til umræðu nokkrar breytingar
er stjórnin hafði komið sér saman um
að gjöra við lög og reglur félagsins.
I. við lögin
1. Við 5. gr.: orðin: „fyrstu viku viku“ falli burtu
Samþykt í einu hljóði
"

7. gr. falli burt. – Samþykt

## II. Reglur fyrir æfingum og leikum.

Við 4. gr. Á eftir orðunum: „allir“ komi: starfandi og á eftir „þessu efni komi: starflausir félagar og þeir aðrir, sem tekið hafa að sér að leika í leikritinu

Samþ. með 8 atkv. eru og sömu lögum háðir.

Við 6. gr. Í stað 2 kr. sekt komi 10 kr. sekt.

Við 10. gr. Í stað: „á þeim vetri“, komi á því leikári og í stað 10 kr. sekt komi: 50 krónu sekt.
samþ. með 10 atkv.

Samþykt með 9 gegn 3 atkv.

Þá kom fram tillaga frá Hjálmari Sigurðsyni við borgun til leikenda, að aftan við 6. lið komi ný málsgrein, svohljóðandi:
samþykt um

Þó má ekki aukaþóknun til leikenda fara fram úr einum fjórða á móti því, sem hlutadeigandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefir unnið fyrir, samkvæmt
lögum á leikárinu, án sam-
þykkis almenns leikfélagsfundar
Eftir töluverðar umræður var þessi tillaga
felld með 7. gegn 8 atkvæðum
Vegna þess að fundurinn þótti vera
orðinn nokkuð langur, var lagt til
að honum sé frestað.
Samþykkt að fresta fundi um óá-
kveðinn tíma

---

25. júlí s. á. var fundinum haldið áfram
að áður gengnu fundarboði:
1. Var fyrst tekið til umræðu tillaga frá Árna
Eiríkssyni, svo hljóðandi: aftan við 1. lið sam-
þyktar um borgun til leikenda, komi: „nema
öðruvísi sé um samið milli stjórnar
og leikandans“. –
Tillögumaður tók tillöguna aftur.
2. Tillaga frá Hjálmari Sigurðssyni svohljóðandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Þegar búið er að borga öll gjöld
sem greiða þarf á ári hverju, að vorinu
skal boða til almenns fundar í
félaginu. Má þá veita af því, er
þá kann að vera í sjóði uppbót
handa leikendum, og ræður
afl atkvæða, um uppbótina. Upp-
bót þessi sé svo úthlutuð leik-
endum eptir ályktun 3. skyn-
samra, ~~manna~~ óvilhallra utan-
félagsmanna, er félagið velur. Skal
þessum mönnum látið í té til
leiðbeiningar skrá yfir, hvaða rollur
hver leikandi hefir leikið á vetrin-
um, hve opt hverju, og hvað hver þeirra
hefir fengið að launum fyrir þann
starfa sinn.

Móti þessari tillögu töluðu þeir Ólafur Ólafsson
Einar Hjörleifsson. Einnig tóku til máls Borg-
þór Jósefsson og Guðm. Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögumaður óskaði að
~~Var síðan~~ tillagan væri borin undir atkvæði
í tvennu lagi, og var það gjört. og var
fyrri liður hennar feldur með 7 atkv. gegn
5. og var þá seinni liðurinn skoðaður
sem felldur líka
3. Samþykt svohljóðandi tillaga:
„Að aftan við samþ. um borgun til
leikenda komi: Samþykt þessari
má eigi breyta nema á aðalfundi
fjelagsins, og gildir sama ákvæði
um afl atkv., sem um lagabreyting-
ar. –
4. Tillaga frá Borgþór Jósefssyni þannig:
„Að aftan við 6. lið 6. í samþykt um
borgun til leikenda komi: „ Enda sé
leikandinn starfandi fjelagsmaður:
þessi tillaga felld með 6 gegn 4 atkv.
5. Tillaga frá Hjálmari Sigurðssyni svohljóðandi:
„Þóknun til gjaldkera sé færð niður
úr 2% í 1½%“ –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessi tillaga feld.

6. Gengið til atkvæða um bókaskrá og áhaldalista fjelagsins og það samþykt.

7. Að keypt sé bók til að færa inn í bækur og muni fjelagsins. — það samþykt.

8. Kosin stjórn fyrir hið komandi leikár

Formaður Þorv. Þorvarðarson í einu hljóði

Skrifari Sigfinnur Guðjónsson

Gjaldkeri Kristján Þorgrímsson

Varastjórn

endurkosin með 7 atkv. gegn 2.

Endurskoðunarmenn

Hjálmar Sigurðsson og

Borgþór Jósefsson

Fleira var eigi gjört

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðarson. Sigfinnur Guðjónsson

(formaður). (skrifari)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1900 sunnudag 6. okt. var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. – Fundargjörð frá síðasta fundi upplesin og samþ.

Formaður skýrði frá því, að tilgangur fundarins væri að grenslast eftir hvort félagið ~~menn~~ treysti sér til að halda uppi sjónleikjum í vetur, og óskaði hann eftir að leikendur ~~í eldri stykkjum~~ gæfu ákveðið svar hvort þeir vildu halda áfram að leika í þeim af gömlu stykkjunum, sem væntanlega mundi byrjað á, ef félagið héldi áfram. Flestir karlmennirnir létu það í ljósi að þeir mundu halda áfram að leika, en kvenfólkið skoraðist undan því, Þóra Sigurðardóttir gaf það svar að hún mundi ekki fá leyfi læknisins til að leika fyrst um sinn. Stefanía Guðmundsdóttir kvaðst hvorki mundi leika í eldri stykkjum né heldur nýjum í vetur.

Þá kom fram uppástunga um að félaginu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sé slitið, og skuli formaður kalla saman fund að viku liðinni og þá leitt til lykta.

Fleira eigi gjört.

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson.     Friðf. Guðjónsson

Ár 1900, föstudag 12. oktbr. var fundur settur og haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.

Formaður skýrði frá því að stjórninni hefði ekki þótt ráðlegt að láta fjelagið hætta, og hefði því fengið 2 kvenmenn í stað þeirra er frá höfðu gengið. og var þá till. um að slíta fél. tekin aftur. Einnig skýrði hann frá að stjórnin legði til að stykkið „Fortíðin og Bóghús“ eftir Sudermann verði nú þegar æft og leikið. Skýrði síðan instruktör frá efni leikritsins. Var það því næst borið undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

Þá var stjórninni falið að undirbúa ~~og~~ öll gömlu stykkin frá síðastliðnum vetri sem hún sæi fært að leika

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. að semja um húsið fyrir komandi leikár
3. Velja nýj stykki, svo framarlega sem hún sér það fært.
4. að ráða Jón Jónsson fyrir 12 krónur á hvert kvöld sem hann leikur, og þar að auki útvega honum fyrir til þrifkunar ~~húss og~~ rúms, þegar hann ekki kemst heim til sín að kvöldi.
Þá var samþyktur sem instruktör Einar Tjör Leifsson ritstjóri
Leikstjóri: Guðm. Magnússon
Rulluskipari: Halldór Jónsson
Lagt til að leikið sé í fyrsta sinn um aðra helgi í nóvembermánuði. Það samþ.
Fleira eigi gjört fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson. Stefán Guðjónsson

Ár 1900 föstudag 23. nóv. var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Efni fundarins var að leita álits um hvort Leikfélagið ætti að sinna væntanlegu tilboði frá skólapiltum um að þeir ekki leiki vikuna milli jóla og nýárs næstkomandi, gegn því að félagið greiði í Bræðrasjóð 200 kr.

Um þetta urðu töluverðar umræður og að lokum var samþykt svo hljóðandi tillaga:

„Félagið samþykkir að gjöra skólapiltum það tilboð, að borga Bræðrasjóðnum 140 — hundrað og fjörutíu krónur, þó ekki fyr en eftir næsta nýár — með því skilyrði að engir sjónleikar fari fram í vetur, er þeir standi fyrir eða eigi þátt í.“

Var stjórninni falið að sjá um tilkynning á samþykt þessari, og gjöra samning ef saman gengi —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var borið undir atkvæði stykkið „Hjartadrotning", sem stjórnin hafði látið þýða og byrjað ~~var~~ er að æfa og var það samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira eigi gjört
Fundi slitið

Þorvarður Þorvarðsson. Frið. Guðjónsson

Ár 1901, föstudaginn 29. desbr. var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. Fundargjörðir frá 3 síðustu fundum upplesnar og samþyktar.

Efni fundarins var að gjöra út um val á leikritum framvegis.

Stjórnin lagði fram tillögur einar sem voru þessar:

1. Að láta þýða og leika ef hægt er:
Debatten i Politivennen
Þrumuveðrið eftir Hastrup og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gulldásirnar eftir Chr. Olufsen, Skýrði instruktör bæði kosti og lesti þessara leikrita.

Þá kom fram svohljóðandi tillaga Að svo framarlega sem búningarnir í Gull-dásirnar fari ekki fram úr 200 kr., sé stjórninni veitt heimild til að taka það, og hvort af hinum sem hún sjái sér fært að leggja út í með ráði instruktörs þessi tillaga Samþykt með öllum gr. atkvæðum

Tillaga frá Hjálmari Sigurðssyni að stjórnin sjái um framkvæmdir á að munir fjelagsins verði vátrygðir. Samþykt í einu hljóði.

Fleira eigi tekið fyrir á fundinum. — Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson. ~~Friðf. Guðjónsson~~

2/

Ár 1901, 27 mars var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. — Formaður las upp bréf frá 5 meðlimum þar sem þeir óska að fundur verði haldinn sem fyrst í félaginu. Þá var lögð fram upptökubeiðni frá Magnúsi Vigfússyni og hann samþyktur með öllum atkvæðum.

Í tilefni af grein er staðið hafði í blaðinu Reykjavík, sem var svar frá Leikfélagi Hafnfirðinga, til Guðmundar Magnússonar, er skrifað hafði ~~atd~~ dóm um frammistöðu þeirra í leiknum „Skuggasveinn“, óskaði Guðm. Magnússon eftir yfirlýsing frá Leikfélagi Reykjavíkur, þess efnis „að félagið lýsti yfir því að grein þessi væri óverðskulduð persónuleg árás á viðkomandi félagsmann, og væri að engu leyti samþykt dómi Hafnfirðinga, um ~~hann~~ framkomu hans í Leikfélagi Reykjavíkur“.

Í byrjun umræðanna, beindi einn fundarmaður þeirri spurningu til Guðm. Magnús-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sonar, að ef félagið gæfi þessa eftir-
æsktu yfirlýsingu, hvort þá yrði lokið
aldrei frekari rekistefnu úti af grein
þessari, þeirri spurningu svaraði hann
~~neitandi~~ með nei — og lýsti því jafn-
framt yfir að ef félagið synjaði sér um
þessa yfirlýsingu þyrfti það ekki að vænta
sinnar aðstoðar framvegis — og vék hann síð-
an burt af fundinum.

Ýmsir fundarmenn létu það álit sitt
í ljósi að félagið ætti að leiða þetta mál al-
gjörlega hjá sér. Álitu dóm Guðm. Magnús-
sonar um Hafnfirðinga að sumu leiti óréttlátan, og blaða-
deilur, sem meðlimir félagsins kynnu
að komast í væru félaginu alveg óvið-
komandi nema ef félagið hefði að ein-
hverju leyti verið orsök í þeim

Að lokum lét fundurinn það í ljósi að hann
óskaði að misklíð þessi mætti jafnast á sem
bestan hátt ~~máta~~ og sem fyrst og óskaði aðstoð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ar Guðmundar Magnússonar framvegis eins og verið hefði. Þar með var umræðum lokið.
Samþ. var að borga reglur 3 kr. fyrir hvert kvöld sem „þrumuveðrið“ yrði leikið, þar eð það var álitið miklu meira verk en áður hafði komið fyrir í öðrum stykkjum, sem félagið hefir leikið.
Þá var skotið saman 8 kr. fyrir krans á kistu Bergþórs sál Þorsteinssonar.
Samþ. tillaga frá Jens B. Waage um að nefnd sé kosin til að íhuga lög félagsins og koma með breytingar ef þurfa þætti og hafa lokið starfa sínum fyrir aðalfund. — Í nefndina kosnir Jens B. Waage, Kristján Þorgrímsson og Einar Hjörleifsson.
Samþykkt að fela stjórninni að láta smíða eða útvega bókaskáp undir bækur félagsins. — Fleira eigi gjört. Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson. / Friðfinnur Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901, þriðjudaginn 8. jan, var haldinn fundur í Leikfélagi Reykjavíkur.

Efni fundarins var að ræða um hvort halda skyldi hina vanalegu afmælishátíð félagsins. Var meiri hluti fundarmanna því meðmæltur að afmælið skyldi haldið að kvöldi þess 10. þess mánaðar eða næstu daga þar á eftir, og var það samþ. í einu hlj.

Í nefndina voru kosnir með lófaklappi:

Matthías Matthíasson
Jens B. Waage og
Þuríður Sigurðardóttir

Þar eð ekki kom fleira til umtals á fundinum var fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson    Friðf. Guðjónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901 fimmtudag 16. maí var fundur settur og haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur

Formaður skýrði frá að tilefni fundarins væri að skýra fundarmönnum frá hvernig hagur félagsins stæði; gjörði gjaldkeri þar næst gjögga grein fyrir því.

Félagið vantaði nú sem stæði um 80 kr. til að geta lokið ógoldnum skuldum og kláraðan árs reikning félagsins.

Í tilefni af þessum tekjuhalla lagði stjórnin fram svohljóðandi tillögu:
„Fundurinn gefur stjórn félagsins heimild til að taka 200 kr. lán í Landsbankanum til 6 mánaða og gefur þeim sem standa í ábyrgð fyrir láninu veð í eignum félagsins með 1. veðrétti

Sömuleiðis skýrði formaður frá að stjórn félagsins hefði í vetur gengið inn á að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borga Árna Eiríkssyni 30 kr. sem uppbót fyrir að leika rulluna Ecktoft í „Gulldósunum", og óskaði samþykkis fundarins.

Ennfremur lagði hún til að Gunnþórunni Halldórsdóttur sé borgaðar 30 kr. sem uppbót fyrir veturinn.

Þessar þrjár tillögur voru samþyktar þá veitti fundurinn stjórninni heimild til að verja nokkuru fé til leikritakaupa.

Fleira eigi gjört

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson    Friðfinnur Guðjónsson

Ár 1907, sunnudag 2. júní, var settur og haldinn aðalfundur „Leikfélags Reykjavíkur" í Iðnaðarmannahúsinu.

Fundargjörðir frá 4 síðustu fundum lesnar upp og samþ.

Þá var lagður fram ársreikningur félagsins endurskoðaður ásamt athugasemdum endurskoðanda. Skuld félagsins var 200 Kr., en í sjóði um 80 Kr. Reikningurinn með úrskurðartillögum endurskoðenda samþ. í e. hlj.

Ennfremur var lögð fram skrá yfir bækur og aðrar eignir félagsins. Undir því atriði kom Hjálmar Sigurðsson með svolátandi tillögu:

„Allir munir félagsins og bækur sé færðir
„á skrá númeraða, sem innfærð sé í bók
„er haldin sé til þess, og jafnframt út-
„vegaðar hirzlur eða skápar fyrir munina."

Breytingartill. frá Einari Hjörleifssyni:

„að kjósa sé fyrir væntanlegri stjórn
„félagsins, að sjá um geymslu muna-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aura, svo að þeim sé óbætt.

Breytingartillagan samþ.

Leikstjóri lagði fram reikning yfir samskot í kranz yfir Brynjólf sál. Kuld, og afhenti Gjaldkera 80 aura, sem gáfust umfram verð kranzins.

Þá var kosin stjórn félagsins fyrir komandi ár:

Form.: Þorvaldur Þorvarðarson með 10 atkv.
Skrifari: Sigurður Jónsson með 8 atkv.
Gjaldkeri: Kristján Þorgrímsson með 11 atkv.
Þá var kosin varastjórn:
Varaform.: Árni Eiríksson í e. hlj.
Varaskrifari: Friðfinnur Guðjónsson með 7 atkv.
varagjaldk.: Matth. Matthíasson í e. hlj.
Endurskoðendur:
Hjálmar Sigurðsson og
Borgþór Jósefsson endurkosnir í e. hlj.

Frá laganefndinni komu fram svolátandi tillögur:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1., að 4 mönnum sé bætt við í nefndina, sem sé þeim Árna Eiríkssyni, Borgþór Jósefssyni, Guðþórunni Halldórsdóttir og Þorvarði Þorvarðarsyni.

2., að fresta aðalfundi þangað til hægt er að leggja fram tillögur þessarar nefndar"

Báðar tillögurnar samþ.

Fleira eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson.

Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901, 14. júlí var haldinn áfram~~haldaður~~ aðal-
fundur Leikfélags Reykjavíkur.

Fundargjörð frá síðasta fundi lesin og samþ.

Formaður skýrði frá að skápur fyrir muni fé-
lagsins, sérstaklega búninga, hefði verið settur uppi
yfir leiksviðinu.

Stjórn félagsins lagði til að sótt yrði um 500
kr. árs styrk af landssjóði handa félaginu á
alþingi í sumar. Samþ.

Rætt var um að leika „Heimkomuna" um
þingtímann. Kom fram svolátandi tillaga:
„Heimkoman skal leikin um næsta helgi, ef
mögulegt er, en annars um aðra helgi". Samþ.

Laganefndin kom fram með allmargar breyt-
ingartillögur við lögin og reglurnar. En þar eð eigi
voru nógu margir á fundi til þess að gengið yrði
til atkv. um þær, var eftir nokkrar umræður
Fundi frestað.

Þorv. Þorvarðsson

Sigurður Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901, 2. sept. var aðalfundi Leikfélags Reykjavíkur haldið áfram.

Formaður skýrði frá því að leikið hefði verið um þingtímann 3var sinnum með góðum árangri, meðal annars þeim að félagið héldi áfram að fá styrk af landsjóði ~~fyrir~~ næsta fjárhagstímabil, sömu upphæð og áður með sama skilyrði.

Ennfremur skýrði formaður frá að leiðbeinari sá er félagið hefði haft, hr. Einar Hjörleifsson, væri ófáanlegur framvegis. Kvað hann stjórnina og fleiri félagsmenn hafa talað við kand. phil. Jón Jónsson, og komist að því að hann væri eigi ófús á að taka að sér leiðbeinarastarfið. Kom fram svolátandi tillaga:

„Fundurinn heimilar stjórninni að semja við Jón Jónsson um að takast á hendur leiðbeinarastörf fyrir félagið í vetur." Samþ.

Þá komu til umræðu og atkvæða lagabreytingatillögur laganefndarinnar og nokkrar frá einstökum félagsmönnum.

Voru samþ. þessar breytingar:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I. við lög félagsins:

10. gr. orðist þannig:

„Úrsögn úr félaginu getur að eins farið fram á aðalfundi, og því að eins, að félagsmaður sé skuldlaus eða setji þá tryggingu, er aðalfundur tekur gilda, fyrir þeim kröfum, sem á honum kunna að hvíla.“

við 12. gr. Á eftir orðunum: „Bækur og handrit til lestrar“ komi:

„samkvæmt þeirri reglugjörð, er stjórn félagsins semur fyrir útláni bókanna.“

við 14. gr. Aftan við greinina bætist:

„Mæti eigi nógu margir, skal boða til fundar á ný, og öðlast þá lagabreytingin gildi, ef 3/4 þeirra, sem á fundi eru, eru henni samþykkir.“

II. við reglur fyrir æfingum og leikum:

1. gr. orðist þannig:

„Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal stjórn félagsins í samráði við leiðbeinara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leikstjóri hafa samið leikskrá (Repertoir) fyrir næsta leikár. Við val á leikritum ber leiknefndinni sérstaklega að taka tillit til efnahags félagsins og þeirra leikkrafta er það hefir á að skipa.

Stjórn félagsins skal jafnskjótt og leiknefndin hefir valið leikritin og fult ákveðið að leika þau, sjá um þýðingu á þeim – ef með þarf –, útskrift á rollum og síðan afhenda þau leiðbeinara og leikstjóra, er samkvæmt lögum og reglum félagsins sjá um framkomu á leikunum.

2. gr. orðist þannig:

„Á aðalfundi skulu kosnir tveir menn til að vera í launanefnd með leiðbeinara. Þessir menn skulu kosnir úr flokki þeirra meðlima, sem ekki eru leikendur. Nefnd þessi ákveður, hve mikið skuli borga hverjum einstökum leikanda, samkv. þeim reglum, sem settar eru í 1. gr. samþyktarinnar.“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. gr. orðist þannig:
„Leiðbeinari semur tillögur um, hverjir leika skuli hinar einstöku rollur, og semur lannanefndin á þeim grundvelli borgunarskrá, er ákveði, hve mikið borga skuli fyrir hverja einstaka rollu. Leikendur skulu hafa ákveðið sig fyrir lok ágústmánaðar, hvort þeir vilji leika næsta leikár eða ekki.“
4. gr. falli burt; greinatalan breytist samkv. því.
10. gr. orðist þannig:
„Leikandi, sem tekið hefir að sér að leika rollu í einhverju leikriti, skal skyldur að leika hana það leikár og hið næsta fyrir þá borgun, sem upprunalega var umsamið, að viðlagðri 50 kr. sekt.“
14. gr. orðist þannig:
„Um breytingar á reglum þessum gilda sömu ákvæði og um lagabreytingar.“
III. við Samþykktir um borgun til leikenda o. s. frv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. liður orðist þannig:
„Fyrir leik á hinum einstöku rollum skal borga frá 2-10 Kr. eftir ákvörðun launanefndarinnar. Við nánari ákvörðun um borgun til leikenda skal launanefndin sérstaklega fara eftir því, hve löng og hve örðug rollan er, og hve lengi og hve mikið hinn einstaki leikandi hefir unnið í þarfir leikfélagsins."
2. liður falli burt; tala liðanna breytist samkv. því.
3. liður orðist þannig:
„Fyrir eintal (Monolog) skal borga eftir því, sem launanefndin semur um í hvert skifti."
5. liður orðist þannig:
„Leikstjóra skulu borgaðar 5 Kr. fyrir hvert kvöld sem leikið er, hafi hann ekki öðrum launuðum störfum að gegna fyrir félagið það kvöld, en sé svo skulu honum að eins borgaðar 4 Kr.
Regissör skulu borgaðar 3 Kr. fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvert kvöld, sem leikið er."

Fleira var eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Þorvarður Þorvarðsson. Sigurður Jónsson.

Ár 1901, hinn 9. sept., var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Gjörðabók síðasta fundar lesin og samþ.

Upptöku beiddust í félagið:

1. Jón Jónsson, sagnfræðingur,
2. Stefán Runólfsson, prentari,
3. Soffía Berthelsen, fröken.

Voru hinir 2 fyrsttöldu samþyktir, en viðvíkjandi hinum þriðja innsækjanda kom fram tillaga um

„að svara beiðanda, að félagið taki ekki aðra en þá, sem að dómi stjórnarinnar og leiðbeinara hafi sýnt það, að þeir séu líklegir til að verða félaginu til gagns sem leikendur." Samþ.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá las skrifari upp reglur um útlán bóka, sem stjórnin hafði samið samkv. 12. gr. félagslaganna.

Formaður skýrði frá, að Jón Jónsson sagnfræðingur hefði tekið að sér að vera leiðbeinari félagsins í vetur gegn sömu borgun og leiðbeinari hafði síðastl. vetur og ennfremur að honum yrði séð fyrir húsnæði þær nætur, er hann þarf að vera í bænum vegna leikanna.

Sömuleiðis skýrði formaður frá því að stjórnin og leiðbeinari hefðu komið sér saman um að félagið léki fyrst í haust „Det Sölvbryllup" og þar næst „Paradísarmissi" og hefði leiðbeinari tekið að sér að þýða bæði þau leikrit.

Ennfremur skýrði formaður frá því að leikstjóri væri ófáanlegur til að halda þeim starfa áfram.

Þá gat formaður þess, að Stefán Runólfsson tæki að sér að sminka leikendur; hefði Guðm. Magnússon talið vankvæði á að halda áfram því starfi. Taldi form. æskilegt, að félagsmenn gætu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komist upp á að sminka sig sjálfir og mundi Stefán fús til að veita tilsögn í því. Kom fram svolátandi tillaga:

„Stjórninni er heimilað að verja nokkru fé til að kenna leikendum andlitsmálun." Samþ.

Þá voru kosnir í launanefnd með leiðbeinara:

Þorvarður Þorvarðsson með 9 atkv.
Hjálmar Sigurðsson „ 5 — " —.

Till. frá Ólafi Ólafssyni, „að stjórninni sé falið að endurnýja samninginn um húsið" Samþ.

Till. um að prenta lög félagsins samþ.

Fleira eigi fyrir tekið

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson

Sig. Jónsson
Skrifari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901, hinn 11. nóv., var fundur haldinn í „Leikfélagi Reykjavíkur“.

Fundargjörð síðasta fundar lesin og samþ.

Formaður skýrði frá, að stjórnin hefði útvegað Valdimar Ottesen til að vera leikstjóri fjelagsins í vetur.

Sömuleiðis skýrði hann frá, að ýmsir af meðlimum fjelagsins hefðu fengið tilsögn í andlitsmálan hjá Stefáni Runólfssyni.

Þá gat hann og þess, að niðri í herberginu undir leiksviðinu hefðu verið sett upp borð og fleira gert þar til ~~að~~ þægindi fyrir leikendur.

Hússamninginn sagði hann að væri enn eigi undirskrifaður, en að húsnefndin væri fús á að ganga að sams konar samningi sem í fyrra.

Lög fjelagsins höfðu verið prentuð, en voru enn óinnheft.

Þá var tekið fyrir aðalfundarefnið og komu fram. Það vera ágreining milli tveggja meðlima fjelagsins, sem sé leiðbeinara og gjaldkera.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Báru þeir formaður og skrifari fram svolátandi tillögu út af því:

„Að gefnu tilefni lýsir fundurinn því hér með yfir, að hann er mjög þakklátur herra Kristjáni Þorgrímssyni fyrir hans langa og mikilvæga starfa sem leikari á ýmsum tímum, og sérstaklega viðurkennir fundurinn með ánægju og þakkar honum fyrir hans mikla starf í Leikfélagsins þarfir, bæði sem leikari og sem starfsmaður þess í ýmsum greinum, að ógleymdu því, hve mikill styrkur félaginu hefir verið að honum, sem einum aðalstyrk þess í peningalegu tilliti. Jafnframt væntir félagið þess, að hann taki þátt í störfum þess, eins og hann hefir gert áður og biður hann hér með að verða við óskum félagsins í því tilliti."

Var tillagan samþ. í e. hlj. eftir nokkrar umræður.

Gísli Guðmundsson bar fram þá ósk sína, að honum yrði leyft að spila á hljóðfæri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inni á leiksviði, þegar leikið er í Breiðfjörðs húsi, eða að öðrum kosti að segja sig úr félaginu.

Eptir nokkrar umræður var samþ. svolátandi tillaga frá Kristjáni Þorgrímssyni:

„Félagið leyfir Gísla Guðmundssyni að aðstoða við leikina í Breiðfjörðs húsi með því að spila á hljóðfæri, þegar hann er skuldlaus orðinn við Leikfélagið, þó svo, að það komi eigi í bága við leiki Leikfélagsins“.

Fleira eigi fyrir tekið
Fundi slitið.

Þorvarður Þorvarðsson. / Sigurður Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1902 hinn 28. maí var fundur haldinn í „Leikfélagi Reykjavíkur“.

Fundargjörð síðasta fundar lesin og samþ.

Upptökubeiðni í félagið hafði borist frá Indriða Einarssyni revisor og var samþ. í e. hlj. að veita honum upptöku í félagið sem starflausum meðlim samkv. beiðni hans.

Gjaldkeri skýrði frá að ca. 200 Kr. vantaði til að hann gæti útborgað reikninga félagsins og lagði til að 200 kr. lán verði tekið, og fái þeir, sem gerist ábyrgðarmenn fyrir láninu, veðrétt í eignum félagsins og var sú till. samþ. með öllum greiddum atkv.

Samþ. að útborga Jóni Jónssyni cand. 15 Kr. fyrir buxur, er hann tapaði úr herberginu undir scenunni í vetur.

Kristján Þorgrímsson og Helgi Helgason tóku að sér að taka lánið í bankanum og ganga í ábyrgð fyrir því.

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson. Sig. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1902, hinn 11. dag júlímánaðar var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur.

Fundargjörð síðasta fundar lesin og samþ.

Þá var lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins fyrir hið síðastl. leikár ásamt fylgiskjölum. Skuld félagsins í Landsbankanum var 200 kr. en í sjóði hjá gjaldkera Kr. 37,52. Aðalupphæð reikningsins var Kr. 5828,35. Útistandandi átti félagið Kr. 8,00. – Um reikninginn urðu nokkrar umræður

Var þá gengið til atkvæða um úrskurðartillögur endurskoðendanna og féllu þau þannig:

við 1.: samþ. með öllum gr. atkv.
" 2.: sömuleiðis.
" 3.: sömuleiðis.
" 4.: sömuleiðis.
" 5.: feld með öllum gr. atkv.
" 6.: sömuleiðis.
" 7.: feld með öllum gr. atkv. gegn 2.
" 8.: samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1.

Reikningurinn í heild sinni ~~(með atkv)~~ samþ. í e. h.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var kosin stjórn fjelagsins fyrir næsta ár.
Formaður Þorvarður Þorvarðsson með 14 atkv.
Gjaldkeri: Kristján Þorgrímsson með 14 atkv.
Skrifari: Sigurður Jónsson með 15 atkv.

Varastjórn kosin:
Formaður: Árni Eiríksson í e. hlj.
Gjaldkeri: Jens Waage í e. hlj.
Skrifari: Friðfinnur Guðjónsson í e. hlj.

Endurskoðendur:
Borgþór Jósefsson og
Hjálmar Sigurðsson
~~[illegible]~~ kosnir með lófaklappi.

Í samanefnd kosnir ásamt tilvonandi leit-heimara:
Þorvarður Þorvarðsson með 14 atkv.
Hjálmar Sigurðsson með 7 atkv.

Í Þjóðminningardagsnefnd voru kosnir:
Indriði Einarsson.
Þorvarður Þorvarðsson og
Valdimar Ottesen, með hlutkesti milli hans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Borgþórs Jósepssonar.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson.

Sigurður Jónsson

Ár 1902, hinn 3. sept., var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Fundargjörð síðasta fundar lesin og samþ.

Forseti skýrði frá, að stjórn félagsins hefði talað við Jens Waage og gæfi hann kost á sér til að vera leiðbeinari félagsins komandi leikár, og lagði stjórnin til, að hann yrði ráðinn til þess starfa. Í sambandi við það gat Indriði Einarsson þess, að hann væri fús til að vera á æfingum með eða í staðinn fyrir leiðbeinara, ef leikrit eftir hann (Indriða) yrði æft. Tillaga stjórnarinnar var samþ. ~~í e. hlj.~~ með samhlj. atkvæðum.

Þá gat forseti þess, að Einar Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði gefið kost á sér til að vera leikstjóri, og var það tillaga stjórnarinnar að hann væri ráðinn til þess starfa. Var sú till. samþ.

Ennfremur gat forseti þess, að það væri ósk stjórnarinnar, að leikritin „Hin týnda Paradís" og „Heimilið" yrðu æfð og leikin tímanlega í októbermánuði.

Að gefnu tilefni lýsti cand. Jón Jónsson yfir því að hann léki ekki í „Hin týnda Paradís" í vetur, enda hefði hann ekki skuldbundið sig til þess, og viðurkenndi forseti það rétt hermt.

(~~Út af þessu urðu~~) Nokkrar umræður ~~og~~ urðu út af því hvort möguleikar yrðu á að koma upp þessum stykkjum, og virtist ekki neitt vænlegt því til fyrirstöðu.

Jón Jónsson spurðist fyrir um, hví ekki hefði verið ákveðin leikskrá fyrir félagið í júlímánuði eins og lögin fyrirskipa.

Forseti svaraði því og kvað ástæðuna hafa verið sumpart það að leiðbeinari var óráðinn og sum-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

part sökir tímaleysis sín og annara, ennfremur að ekki hafi verið gott að fá vitneskju um, hverjir fengjust til að leika.

Út af umræðum, sem í sambandi við þetta fóru fram, lýsti fundurinn yfir því í e. hlj. að Jón Jónsson hefði unnið starf sitt fyrir félagið með samviskusemi og félagið óskaði eftir aðstoð hans framvegis.

Rætt var um stykki, sem tekin yrðu til að leika í vetur. Var talað um „Frú Sigríði Johnsen" og „Sweet Lavender", en engin fékst ákvörðun tekin þar viðvíkjandi.

Stjórninni falið að leigja Iðnaðarmannahúsið undir eins og hún sér möguleika á því að halda uppi leikum í vetur.

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson.

Sigurður Jónsson

Ár 1902, hinn 21. desember var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Fundargjörð síðasta fundar lesin og samþ.

Tilefni fundarins var, að Árni Eiríksson og frú Stefanía Guðmundsdóttir höfðu sótt um leyfi til að fá að leika nokkur smástykki, er þau höfðu æft saman og leikið annarstaðar, – í nafni Leikfélagsins og gegn því að leikendurnir borguðu húsaleigu fyrir kvöldið eða kvöldin og leigu fyrir leiktjöld og aðrar eigur félagsins, sem leikendurnir notuðu.

Út af beiðni þessari urðu allangar umræður. Kom fram svolátandi tillaga:

„Undirskrifaður leggur til að beiðendunum sé leyft, gegn húsaleigu og hæfilegri þóknun til Leikfélagsins, að nota húsið 2 kvöld í vetur, þó því að eins, að það komi eigi í bága við leikfélagsins.“ Jón Jónsson.

Forseti neitaði að bera þessa tillögu undir atkvæði, þar eð hún komi í bága við lög félagsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá kom fram tillaga frá Hjálmari Sigurðssyni:
„Leikfélagið gefur hr. Árna Eiríkssyni og frú
Stefaníu Guðmundsdóttur beneficium 2 kvöld í vetur."
Ennfremur tillaga frá Guðmundi Magnússyni:
„Eg legg til að hið umbeðna leyfi sé veitt, og stjórn
félagsins falið að semja við beiðendurna að öðru
leyti." Þessa tillögu neitaði forseti að bera upp.
Ennfremur kom tillaga frá Gunnþórunni Halldórsdóttur:
„Eg legg til, að beiðni Árna og Stefaníu sé hafnað."
Ennfremur tillaga frá Kristjáni Þorgrímssyni:
„Eg legg til, að beiðendunum sé leyft að leika 2 kvöld
gegn þeirri borgun, sem stjórn félagsins í samráði við
beiðendurna koma sér saman um."
Þá er hér var komið, lýsti Árni Eiríksson yfir því
að hann fyrir hönd beggja beiðendanna tæki beiðnina
aftur.
Indriði Einarsson hreyfði því, að menn mundu
stundum koma í leikhúsið á leikkvöldunum án
þess að hafa aðgöngumiða og taka fleiri í
sama streng. Var ákveðið, að setja vörð við innri-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dyrnar og leggja ríkt á við dyravörðinn að gæta
vel að því, að enginn fari inn, sem eigi hefði
rétt til þess.

Fleira eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson.

Sig. Jónsson

Ár 1903, hinn 7. jan., kl. 8½ síðdegis var fundur
haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur. Efni fundarins var
hvort halda skyldi afmælishátíð félagsins í ár og var
samþ. að halda hana mánud. 12. þ.m. og kosnir
í nefnd til að standa fyrir samsætinu:

Indriði Einarsson,
Jens B. Waage og
Þuríður Sigurðardóttir.

Gjaldkeri félagsins vakti máls á því að það væri
óskiljanlegt að koma á samkomulagi meðal meðlima félagsins
og sérstaklega þeirra, sem ekki hafa tekið þátt í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikanna að staðaldri í vetur, og koma á góðri samvinnu milli félagsmanna. Út af þessu var ákveðinn fundur föstudaginn 9. þ. m.

Fleira eigi fyrir tekið.

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson.

Sig. Jónsson

Ár 1903, hinn 9. jan. kl. 8½ síðdegis var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun, sem tekin var á fundi 7. s. m.

Kom þá fram beiðni frá þeim hr. Árna Eiríkssyni og frú Stefaníu Guðmundsdóttur um að fá að leika 1-2 kvöld undir nafni félagsins, þannig, að ~~ágóðinn~~ félagið yrði skaðlaust af því.

Kom fram tillaga: „að stjórninni og launanefndinni sé falið að semja við hr. Árna Eiríksson og frú Stefaníu Guðmundsdóttur um leiki 1-2 kvöld í vetur, gegn þeirri borgun, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessum hlutaðeigendum komi saman um við [samanfundina og] stjórnina, þó þannig, að félagið bíði eigi fjárhagslegan baga við það. Sig. Jónsson.

Viðaukatillaga kom frá Magnúsi Benjamínssyni: „Þó skal stjórnin leggja samninginn fyrir fund í félaginu til fullnaðarúrslita".

Eftir alllangar umræður voru tillögur þessar bornar undir atkvæði og var viðaukatillagan samþ. með 14:3 atkv. Aðaltillagan samþ. með öllum greiddum atkv.

Fleiri eigi fyrir tekið
Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson.

Sig. Jónsson

Ár 1903, hinn 26. jan., hélt Leikfélag Reykjavíkur fund með sér.

Fundargjörð síðasta fundar lesin og samþ.

Fundarefnið var að gera út um beiðni hr. Árna Eiríkssonar og frú Stefaníu Guðmundsdóttur. Skýrði formaður frá að stjórnin og launanefndin hefði átt tal við þessa hlutaðeigendur, og hefði þeim komið saman um, að beiðendurnir fengju að leika 1–2 kvöld gegn því að ~~félagið~~ beiðendurnir fengju 50 % af tekjunum, þó þannig, að félagið fengi eigi minna en 100 kr. fyrir hvert kvöld. Einnig skýrði hann frá, að til tals hefði komið, að beiðendurnir fengju ákveðna upphæð fyrir leikinn og allan útlagðan kostnað, en væri þeirri aðferð fylgt, vildu beiðendurnir eigi ganga að að eiga neitt á hættu, ef að kostnaðurinn fengist eigi inn. Ennfremur gat formaður þess að beiðendurnir hefðu lofað að leika í „Paradísinni“ og „Heimilinu“ bæði í vetur og sama.

Kristján Þorgrímsson bar fram svolátandi tillögu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Eg legg til að Árna og Stefaníu sé leyft að leika
1-2 kvöld gegn því að þau borgi félaginu 100 kr.
fyrir kvöldið, en ef meir kemur inn en 200 kr.,
þá helming alls sem inn kemur brúttó,* og leiki í
*„Paradísinni" og „Heimilinu" á ~~komandi~~ komandi sumri."

Eftir nokkrar umræður var tillagan borin undir
atkvæði og samþ. með 12 : 2 atkv.

Fleiri eigi rætt.

Fundi slitið.

Árni Eiríksson
v. formaður

Sig. Jónsson

Ár 1903, hinn 1. febr. var fundur haldinn í Leik-
félagi Reykjavíkur.

Tilefni fundarins var að leita leyfis félagsins til
~~að~~ handa stjórninni til að mega leika „Víkingana í Hálogalandi". Skýrði leiðbeinari frá, hvern kostnað það mundi hafa
í för með sér, og hefði talist svo til að kostnaður við
leiktjöld og búninga yrði rúmar 300 krónur.

Eftir nokkrar umræður var til atkvæða
gengið um það hvort heimila skyldi stjórninni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að taka þetta leikrit og var það samþ. með 9: 5 atkv.

Fleira eigi rætt.

Fundi slitið.

Árni Eiríksson
v. formaður

Sig. Jónsson rit.

Ár 1903, hinn 8. marz, var fundur haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur.

Fundinum stýrði varaforseti Árni Eiríksson, í fjarveru forseta. Fundargerðir tveggja síðustu funda samþ.

Var þá fyrir tekið:

Beiðni frá cand. mag. Bjarna Jónssyni um leyfi til að mega láta skólapilta leika eitt kvöld í húsinu milli stykkja, til ágóða fyrir minnisvarða Jónasar Hallgrímssonar.

Tillaga frá Indriða Einarssyni: „að skólapiltum sé leyft að leika, þegar Leikfjelagið hefir lokið leikum sínum í vor.“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga frá Hjálmari Sigurðssyni, að skólapiltum sé leyft að leika, þegar Leikfélagið er búið að koma upp Víkingunum á Hálogalandi, eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Var tillaga Hjálmars Sigurðssonar samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1, eftir nokkrar umræður.

Þá lýsti gjaldkeri yfir því, að Árni Eiríksson hefði fyrir sína hönd og Stefaníu Guðmundsdóttur boðist til að leika 1 kvöld (~~leik~~) fyrir félagið þá leika, er þau hafa leikið 2 kvöld samkv. áður gerðri fundarsamþykkt.

Út af tilboði þessu urðu nokkrar umræður. Kom fram tillaga frá Hjálmari Sigurðssyni, að málinu sé frestað. Tillagan feld með 9:6 atkv.

Tillaga frá Indriða Einarssyni, að félagið þiggi ekki tilboðið og var tillagan samþ. með 8:6 atkv.

Tillaga frá skrifara, að kosnir séu 3 menn úr félaginu til að taka þátt í þjóðhátíðarhaldi Reykvíkinga 2. ág. næstkom. Tillagan samþ. Í nefndina kosnir: Guðrúnu Halldórsdóttir,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjálmar Sigurðsson og Einar Björnsson.

Gjaldkeri vakti máls á því að hann vissi ekki til að ákveðið ~~(gert)~~ væri um borgun til leikenda í „Skipið sekkur" né „Víkingarnir á Hálogalandi". Var það upplýst; að ákveðið væri um borgun í „Skipið sekkur", en ekki í „Víkingarnir á Hálogalandi", þar eð einn úr launanefndinni væri fjarverandi.

Fleira eigi rætt.

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson.

Sig. Jónsson

Ár 1903 hinn 19. maí, var fundur haldinn í Leikfélagi Reykjavíkur.

Fundargjörð síðasta fundar lesin og samþ.

Tilefni fundarins var að fá leyfi félagsins til að taka lán til þess að útborga ógreidd gjöld félagsins fyrir hið liðna leikár. Skýrði gjaldkeri frá, að upphæðin sem taka þyrfti til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

launa þess eftir því hve mikið Indriði Einarsson fengi fyrir „Skipið sekkur", og eftir því sem samið hafði verið um við hann, ætti það að vera hæst 60 kr., en gjaldkeri lagði til, að revisor Indriða Einarssyni sjeu borgaðar 100 kr. fyrir uppfærsluna á „Skipið sekkur". Var sú till. samþ.

Þá skýrði gjaldkeri frá hag fjelagsins, og tók hann fram, að (~~skuldirnar~~) óborgað væri ca. 250 kr. Var það tillaga hans, að fjelagið tæki 300 kr. lán. ~~og sé stjórninni~~

Tillaga frá Jens Waage, að fjelagsstjórninni sé falið að taka 300 kr. lán gegn því að ábyrgðarmönnum að láninu sé veitt veð í öllum eignum fjelagsins; var sú tillaga samþ. í e. hlj.

Fleira eigi rætt.

Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson

Sig. Jónsson

# Aðalfundur

Leikfélags Reykjavíkur var haldinn hinn 26. maí 1903 kl. 8½ síðd. í Iðnaðarmannahúsinu. Hafði formaður boðað til fundarins með skriflegu fundarboði.

Var þá fyrir tekið:

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin og samþ.
2. Formaður skýrði frá að samkv. samþykkt síðasta fundar hefði verið tekið 300 kr. lán í Landsbankanum með ábyrgðarmönnum Kristjáni Þorgrímssyni og Einari Pálssyni.
3. Innsækjandi í félagið var Gísli Jónsson verzlunarmaður. Var hann borinn undir atkvæði og samþ.
4. Þá skýrði gjaldkeri frá hag félagsins samkv. framlögðum endurskoðuðum reikningi fyrir hið liðna leikár. Námu tekjur félagsins alls 6170 kr. eða rúmum 300 kr. meira en næsta ár á undan, en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafði verið leikið hvern Mánuðinn fleiri nú
en þá. Gjöldin höfðu aukist hér um bil
hlutfallslega við tekjurnar, svo að hagur
fjelagsins er að kalla má hinn sami
nú og, skuld við landsbankann tæp-
um 100 kr. meiri, en eignir hafa
þar á móti aukist meir en sem
því nemur.

Endurskoðendur höfðu ekkert haft
við reikninginn að athuga og lögðu
til að reikningurinn sé samþ-
ykktur einsog hann er. Samþ. Ennfremur lögðu
þeir til að ógoldin ársgjöld þeirra
Davíðs Heilmanns, Einars Hjörleifssonar
og Sigurðar Magnússonar séu feld burtu,
og nam það samtals 14 krónum. Samþ.
2. að bílætasala sé gert að skyldu að taka
kvittun hjá gjaldkera í hvert sinn er
hann afhendir honum aðgöngumiða og
hann láti kvittunina í té undir-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skoðendum. Samþ.
3) að leikstjóri haldi skrá yfir aðstoðar-
menn, vinnutíma þeirra og laun og af-
hendi hana endurskoðendum. Samþ.

Í sambandi við tillögu 2. kom fram
tillaga um að þeir David Heilmann
og Sigurður Magnússon séu strikaðir
út af meðlimaskránni. Samþ.

Skrá yfir meðlimi félagsins var lögð
fram á fundinum.

5. Jens B. Waage kom með tillögu til
lagabreytingar, að úr 1. lið í samþykt
um borgun til leikenda falli burt orðin
„á hinum einstöku rollum“ og
„frá 2–10 krónur“. Eftir nokkrar
umræður var tillagan borin undir atkvæði
og samþ. með öllum greiddum atkvæðum

6. Þá var kosin stjórn félagsins:
Formaður: Þorvarður Þorvarðsson með 12 atkv.
Gjaldkeri: Kristján Þorgrímsson " 21 "
Skrifari: Árni Eiríksson " 16 "

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Varastjórn kosin:
Formaður: Borgþór Jósefsson
Gjaldkeri: Matthías Matthíasson og
Skrifari: Helgi Helgason.
Endurskoðendur kosnir:
Valdemar Ottesen með 15 atkv. og
Borgþór Jósefsson " 7 " með hlutkesti milli hans og Helga Helgasonar.
Í launanefnd voru kosnir ásamt hilorvand-
leiðbeinanda:
Þorvarður Þorvarðsson með 14 atkv.
Sigurður Jónsson " 12 "
Fleiri eigi fyrir tekið.
Fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson

Árni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1904 hinn 27. dag Septembermánaðar
Kl. 9. e. m., var fundur haldinn í Leikfjelagi
Reykjavíkur í Iðnaðarmannahúsinu

Fundargjörð síðasta fundar uppl. og samþykkt.

Formaður skýrði frá því, að fjelagsstjórnin hefði sótt um styrk til Alþingis til leikanna framvegis, og að árangurinn hefði orðið sá, að í þeim samþykktu fjárlögum styrkti fjelagið með Kr. 600,00 – sex hundruð krónur – gegn því, að Reykjavíkur bæjarsjóður leggði fram að minsta kosti Kr. 300,00 eða helminginn á móti styrknum úr Landsjóði, á ári í næstu 2 ár. – Þá skýrði hann ennfremur frá því, að fjelagsstjórnin væri búin að fá samþykki bæjarstjórnarinnar fyrir þessum Kr. 300,00 úr bæjarsjóði, og auk þess, að gjaldið í bæjarsjóð af leikjunum skuli niður falla frá nýjári 1904. – Ennfremur skýrði hann frá því, að nú væri verið að gjöra samninga við leikendur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og að útlit væri til, að flest það fólk sem áður hefði leikið í Leikfjelaginu, gjörði það í vetur, og ennfremur nokkuð af nýju fólki, sem áður hefði ekki leikið í fjelaginu eða þá fyrir mörgum árum. Stjórnin væri samráðin í, að láta byrja á leikjunum með allra bráðasta. Hefði hugsað sér, að láta byrja á gömlum leik, sem hefði áður verið leikinn í fjelaginu, „Hermannaglettunum" eptir Hostrup, og væri búinn að fá þýddan 1. Akts leik, „Apann" eptir frú J. Heiberg til þess að láta leika með „Hermannaglettunum", og að ennfremur væri ákveðið, ~~[illegible]~~ að leika þessa leika á komandi vetri:

„Lavender" eptir Pinero. í 3 þáttum
„Gjaldþrotið" „ Björnstjerne Björnson í 4 þáttum
„Ambáttina" „ Fulda í 4 þáttum

og að í ráði væri, að taka upp aptur

„Heimilið" eptir Sudermann.

Þá skýrði form. ennfremur frá því, að fjelagið ætti kost á, að fá Jón Jónsson sagnfræðing til þess að vera leiðbeinara komandi vetur, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að leikritin væru valin í samráði við hann, og að stjórnin gjörði það að sinni tillögu, að honum væri falið þetta starf.

Samþ. í e. hljóði.

Þá gjörði stjórnin ennfremur þá tillögu að Magnúsi Sigfússyni yrði falið leiðstjórastarf ið komandi vetur.

Samþ. í e. hljóði.

Indriði Einarsson gjörði tillögu um, að stjórnini væri falið að semja um leigu á Iðnaðarmannahúsinu til leikjanna komandi vetur.

Samþ. í e. hljóði

Fleira eigi fyrir tekið

Fundi slitið

Þorv. Þorvarðsson

Árni Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1904 h. 4. April kl. 1½ e.m. var fundur haldinn í „Leikfjelagi Reykjavíkur"

1. Fundarstjórandi Lektor. J. Hallgrímsson, samþ.
2. Form. tilkynnti lát Þóru sál. Sigurðardóttur. Allir fundarmenn álitu sjálfsagt að heiðra útför hennar á einn eður annan hátt, og í tilefni af því var samþ. að frá Leikfjelaginu yrði gefinn silfurkranz á leiðið með árituðu nafni hinnar látnu og sömul. látið yrkja og prenta kvæði. Upp í þann kostnað er þar af leiddi var samþ. að hver fjelagsmaður borgi 1 Kr. hver um sig, en fjelagssjóður hið sem á vantaði.
Til að bera líkið út úr Kirkjunni var stungið upp á og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samþ. að væru þeir:
Kristj. Þorgrímsson, Þorv. Þorvarðarson
Helgi Helgason, Indriði Einarsson
Jens Waage og Jón Jónsson

3. Samþ. var að kjósa í þjóðhátíðar-
nefnd og kosnir voru þeir:
Kristján Þorgrímsson
Indriði Einarsson og
Stefán Runólfsson

Fleira var eigi tekið fyrir og var
því fundi slitið.

Þorv. Þorvarðsson. H. Helgason
p.t.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aðalfundur

var haldinn í Leikfjelagi Reykjavíkur sunnud. 29. majm. 1904 kl. 8 e. h. í Iðnaðarmannahúsinu.

Fundargjörðir frá tveimur síðustu fundum voru lesnar upp og samþykktar.

Formaður las upp brjef frá Árna Eiríkssyni, þar sem hann þakkaði Leikfjelaginu fyrir hluttekning þess við lát konu hans, frú Þórn Sigurðardóttur.

Jónas H. Jónsson var borinn upp til inntöku í fjelagið og samþ. í einu hljóði.

Gjaldkeri lagði fram ársreikning fjelagsins. Tekjurnar námu 8363 kr 53 aurum, en árinu áður höfðu þær verið 6170 kr. Í sjóði voru 129 kr. 24 aur. 30 sinnum hafði verið leikið um veturinn og auk þess einu sinni til ágóða sjúkum starfsmanni fjelagsins. Eptir tillögu þess endurskoðanda, sem mættur var á fundinum, var reikningurinn samþ. í einu hljóði.

Þvínæst var gengið til kosninga um embættis-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

menn fjelagsins á í hönd farandi fjelagsári og var kosinn formaður Árni Eiríksson með 11 atkv.
gjaldkeri Kristján Þorgrímsson með 10 atkv.
ritari Guðm. Hallgrímsson með 9 atkv.
Til formennsku hafði Þorv. Þorvarðarson fengið 8 atkv. Helgi Helgason 9 atkv. sem gjaldkeri og 6 atkv. sem ritari.

Í varastjórn voru kosnir
formaður Jens B. Waage með 10 atkv.
gjaldkeri Borgþór Jósepsson með 10 atkv.
ritari Helgi Helgason með 5 atkv.

Endurskoðunarmenn voru kosnir
Indriði Einarsson með 13 atkv.
Sigurður Jónsson með 8 atkv.

Í launanefnd voru kosnir
Jón Jónsson með 12 atkv.
Sigurður Jónsson með 11 atkv.

Á fundinum sagði Þorv. Þorvarðarson sig úr fjelaginu.

Í lok fundarins kom fram till. frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim Jens Waage og Helga Helgasyni svohljóðandi:

„Hjermeð leyfum við oss að gera það að
„tillögu okkar að fyrv. formanni Leik-
„fjelagsins Þorvarði Þorvarðarsyni sjeu
„borgaðar úr leikfjelagssjóði Kr. 150.00,
„í viðurkenningarskyni fyrir margra
„ára starf hans sem formaður.

Tillagan var borin upp og samþ. í e. hlj.

Fleira gjörðist ekki á fundinum.

Fundi slitið!

Árni Eiríksson / Guðm. J. Hallgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í „Leikfjelagi Reykjavíkur"
þ. 5. júlí 1904 kl. 9 e. m.

Form. skýrði frá að hann hefði talað við Þorvarð Þorvarðarson viðvíkjandi úrsögn hans, sem kom fram á síðasta fundi, og skýrði frá að Þorv. vildi gjarnan aptur taka úrsögn sína. Var það samþ. af fundinum með lófaklappi.

Form. skýrði frá að fjel. væri fjelaust, en mundi þurfa á dálitlum peningum að halda í sumar til þess að kaupa ~~þýðingar~~ leikrit, borga þýðingar o. fl.

Till. frá Jóni Jónssyni um að stjórn fjel. ~~sje~~ verði heimilt að taka lán allt að 300 kr. móti veði í eignum fjel. var samþ.

Form. framvísaði reikning frá Þorv. Þorvarðarsyni uppá kr. 45,00, fyrir að leika 9 kvöld í „Gjaldþrotinu". — Þegar reikningar fjel. voru lagðir fram, var honum óborgað fyrir þá rullu, áætlað kr. 18.00 — eða 2 kr. á kvöldi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samkvæmt samþykt launanefndarinnar. Ýmsir fundarmenn álitu varúðarvert fyrir fjel. að borga reikninga, sem ekki væru samkvæmir samþyktum launanefndar, eða þá sem hlutaðeigandi starfsmenn hefðu skuldbundið sig til að vinna verk sín fyrir; – álitu það geta haft slæm eptirköst fyrir fjel. og jafnvel ógeðslegt, hver sem í hlut ætti. En eptir nokkrar umræður var samþ. svolátandi till. frá Kr. Ó Þorgrímssyni í e. hlj.

„Þorv. Þorvarðarsyni borgist 18 kr. fyrir að „leika prestinn í „Gjaldþrotinu", en fjel. samþ. „að greiða honum 27 kr. þóknun án tillits „til rullunnar"

Form. lagði fram reikning frá Gísla Jónssyni, + áteiknuðum af launanefnd síðastliðins árs, uppá 180 kr., honum höfðu þegar verið greiddar 122 kr. samt., en þær 58 kr., er eptir stóðu, var álitið að bæri að greiða af fjelagssjóði.

Ennfremur skýrði form. frá að stjórn fjel. hefði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráðið Jens B. Waage sem leiðbeinara á næsta leikári, og hefði gjört ýmislegt til undirbúnings fyrir næsta vetur. Sagði að æskilegt væri að æfingar gætu byrjað síðustu dagana í ágústmánuði.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið.

Árni Eiríksson / Guðm. Th. Hallgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur